EYJÓLFUR PÁLSSON Í EPAL

*Vinnur að nýsköpun úr íslensku hráefni*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




HÍBÝLI OG VIÐHALD

*Nokkur góð ráð til að nýta fermetrana betur*

Sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. október 2009 — 247. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Krefjandi verkefni

Bjarni Harðarson setur sig í spor fátækrar konu í fyrstu skáldsögu sinni.

TÍMAMÓT 18



### Hrekkjavökupartí

Páll Óskar breytir Nasa í draugakastala þegar hann heldur risastórt hrekkjavökupartí.

FÓLK 30

### Vígð smámenni

Gunnar kaus hins vegar að hrækja á þessa líflínu, sem biskup af mildi sinni varpaði til hans, segir Davíð Þór Jónsson.

Í DAG 16



### EM-vonin lifir enn

Ísland vann góðan sigur á Austurríki í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**KALT Í VEÐRI** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s, en 10-15 við suðurströndina. Úrkomulítið, en dálítil rigning eða slydda sunnan til og stöku él N-lands. Hiti 2-6 stig, en 0-5 stiga frost á N- og A-landi.

VEÐUR 4

# Telja Icesave lokið fyrir 2024

**Aðalatriði laga um ríkisábyrgð vegna Icesave verða gerð að viðaukasamningum við Breta og Hollendinga. Íslensk stjórnvöld féllust á þá kröfu þeirra að ríkisábyrgð falli ekki niður 2024 þó lánin séu ekki uppgreidd.**

**STJÓRNMÁL** Oddvitar ríkisstjórnarflokkanna telja fullvíst að þingmeirihluti sé fyrir breytingum á skilyrðum ríkisábyrgðar vegna Icesave.

Niðurstöður samningaviðræðna við Breta og Hollendinga voru kynntar í gær.

Meginatriði laganna sem Alþingi samþykkti í ágústlok eftir þrotlausa vinnu vikum saman verða gerð að viðaukasamningum við Breta og Hollendinga. Í því felst að þeir fallast á þau skilyrði ríkisábyrgðar sem þar voru ákveðin.

Á því eru þó frávik. Stærsta breytingin er á svokölluðu 2024 ákvæði en með samkomulaginu liggur fyrir að ríkisábyrgðin framlengist sjálfkrafa ef lánin eru ekki að fullu greidd árið 2024. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra telur þessa breytingu litlu skipta þar sem allt bendi til að lánin verði þá þegar uppgreidd.

Frumvarp um breytingar verður lagt fram á þingi í dag, auk þess sem skrifað verður undir samningana. Samhliða verður gefin út sameiginleg yfirlýsing fjármálaráðherra landanna þriggja. Í henni lýsa Bretar og Hollendingar meðal annars yfir stuðningi við að endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fari fram hið fyrsta. Þá er því lýst yfir að Ísland hafi ábyrgst þá skuldbindingu sem í Icesave-málinu felst án þess að í því felist viðurkenning á að lagaleg skuldbinding hafi verið til staðar.

Samningarnir eru undirritaðir og yfirlýsingin gefin út með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Forsætisráðherra lagði í gær þunga áherslu á að lok Icesave-málsins gerði stjórnvöldum kleift að hraða efnahagslegri endurreisn landsins. Sagði hún það ábyrgðarhlut andstæðinga samkomulagsins að skýra hvernig leysa ætti þann djúpstæða vanda sem horfi við þjóðinni ef frekari tafir verða á málinu.

Breytingar á ábyrgð Íslands leggjast illa í forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að með þessari niðurstöðu sé vegið að sjálfstæði þjóðarinnar. Ekki standi steinn yfir steini af samþykkt Alþingis frá því í sumar.

„Þetta er algjörlega afleit niðurstaða," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, um samkomulagið. - shá, kg / sjá síðu 4



**SIGRI FAGNAÐ** Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi hófst í Laugardalslaug um helgina. Mótið er allt hið glæsilegasta og um sjö hundruð sundmenn skráðir til leiks. Mótinu lýkur næstkomandi sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ölvaður gestur Apótekisins:

## Víkingur eftir Guðmund frá Miðdal brotinn

**MENNING** Víkingur, ein af sjö styttum eftir Guðmund Einarssonar frá Miðdal sem prýða stigagang gamla Reykjavíkurapóteksins, brotnaði í fyrrinótt eftir að gestur skemmtistaðarins Apóteksins ráfaði inn í sameignina. Styttan er frá árinu 1915 eins og húsið. Guðmundur vann samkeppni um að gera stytturnar í stigaganginn þegar húsið var reist.



BROTINN VÍKINGUR

Upptökur úr öryggismyndavél sýna ölvaðan manninn fara upp stigann og brotunum síðan rigna niður. Að sögn Karls Steingrímssonar, eiganda hússins, mun forvörður reyna að tjasla styttunni saman eins og hægt er. Styttan sé hins vegar ómetanleg í verslunarsögu Íslands líkt og hinar stytturnar sex. Saman myndi þær sögu verslunar á Íslandi.

Styttan er tryggð. - sh

Sólarkísilverksmiðja fyrir 123 milljarða króna sögð í uppnámi vegna orkuskatts:

# Skattur fælir frá fjárfestingu

**IÐNAÐARMÁL** „Mitt persónulega mat er að þetta slái okkur út af borðinu", segir Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem Ísland, spurður um áhrif boðaðra orku- og auðlindaskatta á fyrirætlanir um byggingu sólarkísilverksmiðju á Grundartanga.

Nýr orku- og auðlindaskattur á að skila þjóðarbúinu sextán milljörðum króna á ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2010. Forsvarsmenn fyrirtækja sem eru stórnotendur á orku hafa lýst því yfir að skatturinn geti haft alvarleg áhrif á þau fyrirtæki sem þegar eru í rekstri, en ekki síður muni skatturinn fæla nýja fjárfestingu frá landinu. Einar segir að ný sólarkísilverksmiðja norska fyrirtækisins Elkem Solar sé eins og skólabókardæmi um þetta.

Það liggur fyrir að um mikla hagsmuni er að tefla. Á uppbyggingartíma yrðu allt að þúsund manns við störf og 350 manns fá varanlega vinnu við framleiðslulínuna þegar verksmiðjan tekur til starfa árið 2012 eða 2013. - shá / sjá síðu 6










**SPURNING DAGSINS**



*Jóhanna Vigdís, ertu nokkuð bullsjóðandi vitlaus vegna gagnrýninnar?*

„Ég er pollróleg, vegna þess að hver og einn á að sjóða spaghetti eins og hann vill og telur best.“

Matargúrúið Nanna Rögnvaldardóttir gagnrýndi aðferðir Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur í matreiðsluþætti hinnar síðarnefndu. „Maður notar stóran pott með miklu vatni sem á að vera bullsjóðandi þegar pastað er sett út í. Ég endurtek: Bullsjóðandi,“ skrifaði Nanna á bloggsíðu sína.

Minnihluti styður ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins:

# Stuðningur við stjórnina eykst lítillega

**KÖNNUN** Stuðningur við ríkisstjórnina hefur aukist lítillega á síðustu mánuðum samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins, en stjórnin mælist enn með stuðning minnihluta kjósenda.

Um 45,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun sem gerð var á fimmtudagskvöld sögðust styðja stjórnina, en hlutfallið var 43 prósent í sambærilegri könnun sem gerð var 28. júlí.

„Þetta er innan skekkjumarka frá síðustu könnun og segir sömu sögu; stjórnin er í erfiðum málum,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Hann álítur að stuðningur við ríkisstjórn hafi líklega ekki mælst minni í könnunum, en óeðlilegt væri ef vandasöm viðfangsefni og innri sundurþykkja hefðu ekki sín áhrif. „Þetta er ekki of gott en það eru erfiðir tímar,“ segir hann.

Fleiri konur en karlar styðja ríkisstjórnina. Um 47,8 prósent kvenna sögðust styðja stjórnina, en 43,4 prósent karla. Höfuðborgarbúar eru jákvæðari gagnvart stjórninni en fólk sem býr á landsbyggðinni. Alls sagðist 48,1 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins styðja stjórnina, en 41,8 prósent þeirra sem búa á landsbyggðinni.

Eins og áður er yfirgnæfandi stuðningur við stjórnina meðal stuðningsmanna Samfylkingar og Vinstri grænna, 93 prósent annars vegar og 85 prósent hins vegar. Aðeins 3,7 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks styðja stjórnina, og tólf prósent framsóknarmanna.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 15. október. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Styður þú núverandi ríkisstjórn? Alls tóku tæplega 88 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar. **- bj, bþs**






**EVRUR** Styrking evrunnar olli samdrætti í útflutningi frá evrulöndunum í ágúst.

Evrulöndin flytja minna út:

## Sterkara gengi um að kenna

**VIÐSKIPTI Útflutningur frá evrusvæðinu dróst saman um 5,8 prósent á milli mánaða í ágúst, segir í upplýsingum frá Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Tölurnar komu á óvart enda jókst vöruútflutningur um 4,7 prósent á milli mánaða í júlí.**

**Breska blaðið Financial Times segir niðurstöðuna veikja von manna um efnahagsbata á evrusvæðinu á seinni hluta árs eftir hremmingar á fyrri hluta ársins. Blaðið segir þetta þó í takt við væntingar hagfræðinga, sem lýst hafa yfir áhyggjum af styrkingu evrunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum.** **- jab**

Brottvísun flóttamanna:

## Mótmælt við Stjórnarráðið

**MÓTMÆLI** Um 25 manns mótmæltu brottvísun flóttamanna frá Íslandi fyrir utan Stjórnarráðið þar sem ríkisstjórnarfundur fór fram í gær.

Um var að ræða sömu mótmælendur og mótmæltu fyrir utan heimili Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra á dögunum.Mótmælendurnir krefjast þess að dómsmálaráðherra snúi ákvörðun Útlendingastofnunar til baka, hún ákvað að senda fimm flóttamenn til Grikklands og var ákvörðunin byggð á Dyflinnarsamkomulaginu.

# Ný gögn urðu tilefni lögreglurannsóknar

**FME bárust nýjar upplýsingar um mál Baldurs Guðlaugssonar snemmsumars og tók þá málið upp aftur. Það er nú á borði sérstaks saksóknara. Menntamálaráðherra vissi fyrst af málinu í síðustu viku og mun skoða það nú eftir helgi.**

**LÖGREGLUMÁL** Skömmu eftir að Fjármálaeftirlitið tilkynnti Baldri Guðlaugssyni ráðuneytisstjóra í maí að hætt hefði verið við athugun á meintum ólögmætum innherjaviðskiptum hans bárust eftirlitinu upplýsingar sem leiddu til þess að málið var tekið til skoðunar á nýjan leik. Sú athugun FME hefur nú leitt til lögreglurannsóknar á málinu.

Baldur er grunaður um að hafa, í krafti embættis síns sem ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, öðlast innherjaupplýsingar um afleita stöðu Landsbankans á fundi sínum og fleiri embættismanna með Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, síðasta haust. Stuttu eftir fundinn seldi Baldur hlutabréf sín í bankanum og varð því ekki fyrir neinu tjóni þegar bankinn fór í þrot í október.

Fjármálaeftirlitið rannsakaði málið og tilkynnti Baldri það bréfleiðis í maí að skýringar hans og gögn styddu þann framburð hans að hann hefði ekki búið yfir innherjaupplýsingum. Málið hefði þar með verið látið niður falla. Um helgina bárust hins vegar þær fréttir að sérstakur saksóknari rannsakaði nú málið.

Baldur vildi ekki svara spurningum um málið í gær. Hann sendi frá sér yfirlýsingu síðdegis þar sem fram kemur að honum hafi ekki verið kynntar nýjar upplýsingar eða gögn sem endurupptaka málsins eða ný rannsókn geti grundvallast á. Hann hafi heldur ekkert heyrt frá sérstökum saksóknara. „Ég hef því enga ástæðu til að ætla annað en að efnisleg niðurstaða fyrri rannsóknar standi,“ segir hann.

Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að FME hafi einmitt borist nýjar upplýsingar snemmsumars sem leiddu til endurupptöku málsins. Málið hafi að þeirri athugun lokinni verið sent sérstökum saksóknara.

Þegar ný ríkisstjórn tók við völdum í febrúar var Baldur settur í leyfi frá störfum sínum í fjármálaráðuneytinu, og eftir hrókeringar í stjórnsýslunni í júní varð hann ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu. Þar starfar hann enn.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra vill lítið tjá sig um málið að svo stöddu en segir að mál Baldurs verði skoðað í ráðuneytinu nú strax eftir helgi. Hún hafi fyrst frétt það frá Baldri í síðustu viku að FME hefði tekið rannsóknina upp, en hafi ekki vitað að málið væri komið til sérstaks saksóknara fyrr en í fréttum um helgina. **stigur@frettabladid.is**



### HVER ER BALDUR GUÐLAUGSSON?

Baldur Guðlaugsson er lögfræðingur og starfaði sjálfsætt sem slíkur í 22 ár áður en hann tók við sem ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins árið 2000. Þar áður starfaði hann hjá Vinnuveitendasambandinu. Baldur hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og setið í stjórnum fjölda félaga, til dæmis Granda, Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, Hampiðjunnar og Eimskipa.

Á fyrri hluta áttunda áratugarins var Baldur í hópi ungra sjálfstæðismanna sem gáfu út tímaritið Eimreiðina. Með honum í þeim hópi voru Davíð Oddsson, Geir H. Haarde og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherrar, Kjartan Gunnarssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, prófessor Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari, Brynjólfur Bjarnason, fyrrverandi forstjóri Landssímans og athafnamaðurinn Magnús Gunnarsson.

**UNDIR GRUN** Baldur hefur alla tíð neitað að hafa búið yfir innherjaupplýsingum.

Slysið á Haukadalsheiði:

## 47 ára Norðmaður lést

Karlmaðurinn sem lést í fjórhjólaslysi á Haukadalsheiði síðastliðinn föstudag var 47 ára gamall Óslóarbúi, eftir því sem fram kemur á fréttavef TV 2 í Noregi.

Hann var hér á ferðalagi á vegum Ergogroup ásamt samstarfsfélögum sínum og mökum þeirra.

Samstarfsmenn mannsins í Noregi hyggjast minnast mannsins í dag.



**FRUMKVÖÐLAR** Starfsmenn ReMake Electric vonast til að rafmagnsskynjarar rati í rafmagnstöflur um allan heim.

Íslensk þróun vekur athygli:

## Skynjar yfirálag rafmagns

**HEIMILI** „Það er ekkert því til fyrirstöðu að þessar vörur geti orðið að staðalbúnaði í rafmagnstöflum í heiminum,“ segir Hilmir Ingi Jónsson, forstjóri nýsköpunarfyrirtækisins ReMake Electric ehf. Fyrirtækið hefur þróað og fengið einkaleyfi á nýjum tegundum af rafmagnsöryggisvörum sem hafa eftirlits- og viðvörunareiginleika.

Rafmagnsöryggin sýna rauntímaálag og gefa hljóðviðvaranir fyrir yfirálag rafmagns, líkt og reykskynjarar.

„Við erum í viðræðum við nokkra af umsvifamestu framleiðendum heims um leyfisrétt á þessum vörum,“ segir Hilmir Ingi Jónsson. **- kg / sjá Híbýli og viðhald**




Lögregla ræddi við þrjá unga menn vegna elds í húsi við Skólavörðustíg:

# Grunur leikur á íkveikju

**LÖGREGLUMÁL** Allt tiltækt lið slökkviliðs var kallað út þegar tilkynnt var um eld í húsinu við Skólavörðustíg 40 laust fyrir klukkan 15 í gærdag. Húsið var mannlaust þegar slökkvilið og lögregla komu á staðinn og gekk slökkvistarf vel. Töluverðar skemmdir urðu á húsinu. Grunur leikur á íkveikju.

Eldurinn kom upp í risi hússins. Samkvæmt varðstjóra hjá slökkviliðinu var tilkynnt um eldinn af vegfarendum sem áttu leið hjá. Sömu vegfarendur fóru inn í húsið og gengu úr skugga um að enginn væri á neðri hæðunum tveimur. Nokkuð ljóst væri að um íkveikju hafi verið að ræða.

Lögregla ræddi í gær við þrjá unga menn sem sáust hlaupa frá húsinu í þann mund sem eldurinn blossaði upp. Enginn var þó handtekinn og mönnunum sleppt.

Húsið er í eigu félagsins Samtímalistar ehf. sem rekur listagalleríið Turpentine neðar á Skólavörðustíg. Húsið hafði staðið autt í nokkurn tíma áður en hústökufólk settist þar að í ágúst síðastliðnum. Sá hópur opnaði þar meðal annars félagsrými og fríbúð í september. Að sögn varðstjóra hjá lögreglu er ekki vitað hvort hústökufólkið hafðist enn við í húsinu fyrir brunann. Rafmagn hafði verið tekið af húsinu.



**SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40** Bruninn í gær var sá þriði á jafnmörgum mánuðum í yfirgefnu húsi í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sindri Sindrason, einn af eigendum Samtímalistar ehf., segir að til hafi staðið að rífa húsið og byggja á reitnum. Erindi þess efnis hafi verið til úrvinnslu í kerfinu í mörg ár. Eigendurnir hafi ákveðið að aðhafast ekki vegna hústökufólksins. **- kg**

# „0 kr.“ er svooo Nova!

**0 kr. Nova í Nova**
**– einnig fyrir myndsímtöl!**

**2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir símatilboðum Nova.**
Gildir í áskrift og frelsi.

O kr. Nova í Nova fyrir símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS til rúmlega fimmtíu þúsund viðskiptavina Nova – hvort sem þú þekkir þá eða ekki. Vertu velkomin(n) á stærsta skemmtistað í heimi!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

BESTI

**0 kr.** útborgun

**Samsung L700**

**Afborgun 2.000 kr. á mánuði. 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.**

**Staðgreitt: 24.000 kr.**

**Litir: Silfur, bleikur, fjólublár og svartur/vínrauður**




NÝR!

**12.900 kr.** útborgun

**LG KU990i Viewty**

**Afborgun 2.000 kr. á mánuði. 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.**

**Staðgreitt: 36.900 kr.**

**Litir: Svartur, hvítur og bleikur**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 16.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 123,54 | 124,12 |
| Sterlingspund | 201,36 | 202,34 |
| Evra | 184,15 | 185,19 |
| Dönsk króna | 24,735 | 24,879 |
| Norsk króna | 22,071 | 22,201 |
| Sænsk króna | 17,754 | 17,858 |
| Japanskt jen | 1,3554 | 1,3634 |
| SDR | 196,62 | 197,80 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,5554

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forystumenn stjórnarandstöðu andvígir niðurstöðu í Icesave-málinu:

# Telja vegið að sjálfstæði þjóðarinnar

**EFNAHAGSMÁL** „Í þessu máli þá hefur verið vegið að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar af þessum ríkjum og öðrum þeim sem hafa neitað okkur um þann sjálfsagða rétt að fá skorið úr um þetta mál hjá hlutlausum dómstólum,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í Icesave-málinu.

Bjarni segir að ríkisstjórnin hafi ákveðið að fella sig við þetta misrétti og það standi ekki steinn yfir steini sem ríkisstjórnin samþykkti í sumar. „Það á við um lagalega fyrirvara, efnahagslega fyrirvara og allt sem máli skipti á sumarþinginu,“ segir Bjarni.

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, segir efnahagslegu fyrirvarana við samkomulagið hafa verið eyðilagða. Hún segir þó jákvætt að tillaga Hreyfingarinnar


BJARNI BENEDIKTSSON


SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON


MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

um að leita verði allra ráða til þess að endurheimta Icesave-innistæðurnar haldi sér inn í samkomulaginu. Um niðurstöðuna í heild segir Margrét: „Mér líst ekki nógu vel á þetta. Það er forkastanlegt að Alþingi setji lög og svo er það borið undir Hollendinga og Breta.“

„Þetta er bara algjörlega afleitt,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, um samkomulagið. Hann segist sjálfur hafa bent á það á sínum tíma, þegar fyrirvararnir voru samþykktir, að helsti gallinn væri sá að Íslendingar væru að taka þessa Icesave upphæð að láni en ætluðu bara að endurgreiða hana að hluta. Þetta segir Sigmundur ekki rétta nálgun. Hann segir að kosturinn við fyrri samninga hafi helst verið sá að Bretar og Hollendingar sjálfir myndu hafna samningnum. „Svo kemur annað á daginn, ríkisstjórnin var tilbúin til að gefa allt fyrir þetta,“ segir Sigmundur, sem telur ámælisvert hvernig ríkisstjórnin virðist hafa beitt sér í þágu Hollendinga og Breta en ekki Íslendinga.


**SEÐLABANKINN** Gangi spá IFS eftir hafa stýrivextir hér ekki verið lægri í rúm fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hratt dregur úr verðbólgu:

## IFS spáir lægri stýrivöxtum

**VIÐSKIPTI** Verðbólga mælist níu prósent í þessum mánuði gangi spá IFS Greiningar um verðbólguhorfur eftir. Verði það raunin hefur verðbólga ekki verið lægri síðan í fyrravor 2008.

IFS gerir ráð fyrir að hratt dragi úr verðbólgu á næstu mánuðum og kunni hún að fara allt niður í sex til sjö prósent fyrir áramót.

Í spánni segir að fari verðbólga niður í sex til sjö prósent og raunstýrivextir í fimm til sex prósent sé það hærra en í nágrannaríkjunum. Því megi reikna með að Seðlabankinn lækki stýrivexti í tíu prósent áður en nýtt ár rennur upp. Gangi það eftir hafa stýrivextir ekki verið lægri í fjögur ár. - jab

### LEIÐRÉTTING

Vegna fréttar um keppnina um sterkustu konu Íslands í blaði laugardagsins skal tekið fram að hjónin Lára Helgadóttir og Andrés Guðmundsson stóðu fyrir slíkum keppnum á síðasta áratug, en ekki Hjalti Úrsus Árnason. Keppendur voru sex til átta talsins.

# Ríkisábyrgð vegna Icesave hefur engin tímatakmörk

**Niðurstaða liggur fyrir í Icesavemálinu og skrifað verður undir samkomulag í dag. Oddvitar stjórnarinnar eru bjartsýnir á framgang málsins á Alþingi. Ríkisábyrgð framlengist sjálfkrafa þangað til lánið er greitt.**

**EFNAHAGSMÁL** Bretar og Hollendingar fengu þeirri kröfu sinni framgengt að ríkisábyrgð vegna Icesavemálsins framlengist sjálfkrafa ef lánið verður ekki að fullu greitt árið 2024. Því er haldið til streitu af Íslands hálfu að lagaleg skylda til að ábyrgjast greiðslur, með þeim hætti sem þjóðirnar tvær hafa krafist, er ekki viðurkennd.

Niðurstaða samningaviðræðna við hollensk og bresk stjórnvöld um ríkisábyrgð vegna Icesavemálsins liggur fyrir. Samkomulagið felur í sér að gerður verði sérstakur viðauki við fyrri samninginn og fyrirvarar Alþingis frá því í ágúst ganga þar inn. Nýtt frumvarp um ríkisábyrgð verður að öllum líkindum lagt fram á Alþingi í dag og sameiginleg yfirlýsing íslenska, hollenska og breska yfirvalda birt.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lagði þunga áherslu á mikilvægi niðurstöðunnar. Hagsmunir þjóðarinnar væru að ljúka málinu frekar en skilja það eftir í uppnámi. Í kjölfar niðurstöðunnar gæti þjóðin nú gengið í nauðsynlegar aðgerðir í efnahagslegri endurreisn enda fái stjórnvöld nú endurskoðun á samningi við AGS. Hún er þeirrar skoðunar að allt hafi náðst fram sem mögulegt var „enda eru Bretar og Hollendingar óánægðir eins og við og hefðu viljað sjá samninginn öðruvísi.“


FRÉTTABLAÐIÐ ANTON

**UPPLÝST UM ICESAVE** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kynntu nýjan Icesave-samning í gær. Með þeim voru Helgi Áss Grétarsson og Páll Þórhallsson en auk þeirra komu Nigel Ward, Benedikt Bogason, Björg Thorarensen og Eiríkur Tómasson að samningsgerðinni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá 9. október kom aldrei til greina að hálfu Breta og Hollendinga í viðræðunum að samið yrði um eftirstöðvar lánsins árið 2024 eins og segir í lögunum frá því í ágúst. Niðurstaðan er að ríkisábyrgð framlengist sjálfkrafa þangað til skuldin er greidd. Eftir 2024 framlengist lánið sjálfkrafa til 2030 ef eitthvað stendur eftir. Síðan lengist í láninu um fimm ár í senn þangað til það er að fullu greitt.

Hvað varðar 2024-ákvæðið segir Steingrímur aðalatriðið að allar spár bendi til að Ísland hafi þegar greitt lánið á þeim tíma. Breytingu á ákvæðinu beri að skoða í því ljósi.

Þau Steingrímur og Jóhanna telja að meirihluti sé á Alþingi fyrir málinu. Steingrímur vildi þó ekkert tjá sig sérstaklega um á hverju hann byggði þá ályktun sína, en Þingflokkur Vinstri grænna hefur deilt hart vegna málsins. Ögmundur Jónasson sagði sig frá embætti heilbrigðisráðherra vegna þess.

svavar@frettabladid.is

## NIÐURSTAÐA ÚR ICESAVEVIÐRÆÐUNUM

Réttindi og skyldur íslenskra aðila:

1. Endurgreiðsla láns: Endurgreiðsla láns að fjárhæð 1.329.242.850 evrur (Holland) og allt að 2.350.000.000 pund (Bretland).
2. Fyrirkomulag endurgreiðslu: Ársfjórðungslegar greiðslur sem hefjast í september 2016 og lýkur í júní 2024 – 32 jafnar greiðslur.
3. Þak á greiðslur: Ef greiðsla af samanlögðum vöxtum og höfuðstól verður hærri á ársgrundvelli en 2% (Holland) eða 4% (Bretland) af vexti vergrar landsframleiðslu frá 2008, lækkar greiðsla af höfuðstól þannig að greiðsla verði ekki umfram þakið. Vextir verða alltaf greiddir að fullu.
4. Möguleiki á lengingu: Ísland getur, hvenær sem er á lánstímanum, óskað eftir lengingu endurgreiðslutíma um sex ár, til ársins 2030. Fjárhæð greiðslnanna yrði þá endurreiknuð á tímamarki framlengingarinnar þannig að greiðslurnar verði jafnar til ársins 2030.
5. Sjálfkrafa framlenging: Ef möguleiki á framlengingu hefur ekki verið nýttur og lánið hefur ekki verið endurgreitt að fullu fyrir árið 2024 framlengist það sjálfkrafa til ársins 2030. Sjálfkrafa framlengingar til fimm ára frá árinu 2030 koma til ef lánið er ekki að fullu greitt fyrir þann tíma vegna þaks á endurgreiðslum
6. Niðurgreiðsla lána: Tryggingarsjóði er hvenær sem er heimilt að greiða niður lán Hollendinga og Breta í heild eða að hluta. Lágmark niðurgreiðslu í hvert sinn er 1 milljón evra/1 milljón punda.

Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**VÍÐA FÍNT VEÐUR**
Það verður heldur kalt á landinu í dag og allt að fimm stiga frost á Norður- og Austurlandi. Morgundagurinn verður einnig heldur svalur, en það hlýnar aðeins á miðvikudag. Vindur verður skaplegur næstu daga og yfirleitt úrkomulítið fram að miðvikudag.



**Á MORGUN**
Stíf NA-átt SA-til, annars hægari.

**MIÐVIKUDAGUR**
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 22° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 12° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 13° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 10° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 8° |
| París | 12° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.







# VERTU MEÐ OKKUR Í VETUR!

SkjárEinn hóf göngu sína fyrir réttum tíu árum og vann fljótt hug og hjörtu íslenskra sjónvarpsáhorfenda með frísklegri dagskrárgerð og vönduðu erlendu efni. Allan þennan áratug hefur SkjárEinn verið vettvangur nýsköpunar í sjónvarpi og veitt ýmsu af vinsælasta sjónvarpsfólki landsins tækifæri við metnaðarfull verkefni auk þess að bjóða áhorfendum upp á marga af vinsælustu sjónvarpsþáttum heims.

SkjárEinn hefur ekki farið varhluta af efnahagskreppunni frekar en aðrir í þjóðfélaginu. Frá upphafi höfum við treyst á auglýsingatekjur til að standa straum af kostnaði við efniskaup, dagskrárgerð og útsendingar til landsmanna. Eins og alþjóð veit hefur orðið gríðarlegur samdráttur á auglýsingamarkaði og breytingar því nauðsynlegar. Frá og með 15. nóvember nk. verður SkjárEinn ódýrasta áskriftarsjónvarp á Íslandi. Þá verður útsendingum læst en gjaldtaka hefst þó ekki fyrr en 1. desember.

Í vetur verður dagskráin okkar sú glæsilegasta frá upphafi. Við munum áfram sýna uppáhaldsþættina þína, íslenska og erlenda, og áfram verðum við óhrædd við nýjungar í íslenskri dagskrárgerð. Vertu með okkur í vetur og við munum halda áfram að tryggja þér vandaða skemmtun ... næstum því ókeypis!

**Sigríður Margrét Oddsdóttir**
**framkvæmdastjóri Skjásins**

Glæsilegasta vetrardagskráin frá upphafi fyrir aðeins **2.200 krónur** á mánuði. Tryggðu þér áskrift á **skjarinn.is**, í síma **800 7000** eða í **næstu verslun Símans**.

SKJÁR*EINN*
Næstum því ókeypis







ENNEMM / SÍA / NM39416

**KJÖRKASSINN**



*Ertu farin(n) að huga að jólunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú nýtt þér vændisþjónustu?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Grunaðir hórmangarar taldir hluti af neti skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi:

# Fimm í gæslu og sjötti í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir Litháar sem gáfu sig fram við lögreglu um helgina voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til miðvikudags. Þeir eru grunaðir um að tengjast meintu mansalsmáli sem upp kom í síðustu viku. Þriðja manninum, sem einnig gaf sig fram eftir að lýst var eftir honum, var sleppt.

Alls sitja nú fimm í varðhaldi vegna málsins, og sá sjötti var handtekinn vegna þess í gær og gisti fangageymslur í nótt.

Málið hófst þegar ung kona frá Litháen kom til landsins í annarlegu ástandi og sagði lögreglu í mikilli geðshræringu að til stæði að selja hana nauðuga í vændi. Hún hvarf svo í rúma þrjá sólarhringa en fannst óhult á föstudag.

Að sögn Öldu Hrannar Jóhannesdóttur, staðgengils lögreglustjórans á Suðurnesjum, grunar lögreglu að mennirnir séu hluti af skipulagðri glæpastarfsemi, sem ekki aðeins geri út vændiskonur heldur stundi einnig annars konar afbrot. Hún útilokar að fleiri verði handteknir vegna málsins á næstunni.

Búið er að bera kennsl á meint fórnarlamb mannanna, sem kom til landsins fyrir rúmri viku. Staðfesting hefur borist frá Litháen á því hver hún er. Hún er enn í umsjá lögreglu og er ástand hennar nokkuð gott. - sh




**LÖGREGLUSTÖÐIN** Sjötti maðurinn var handtekinn í gær grunaður um tengsl við málið. MYND / VÍKURFRÉTTIR

Ný athugun á Norðurpólnum:

# Íslaust á sumrin eftir áratug

**LONDON, AP** Enginn ís verður eftir á Norðurpólnum að sumarlagi eftir áratug. Þetta er niðurstaða teymis breskra vísindamanna sem er nýkomið frá pólnum.

Rannsóknarteymið gekk um ellefu kílómetra á dag að meðaltali og synti í vatni við frostmark til að mæla vatn og snjó á pólnum. Leiðangurinn tók þrjá mánuði. Mælingarnar leiddu í ljós að megnið af ísnum á pólnum var eins árs gamall eða yngri ís og einungis um 1,8 metrar að þykkt. Prófessor við Cambridgeháskóla segir ísinn of þunnan til að standa af sér bráðnun næsta sumar. - sh

Vinnubúðir LV við Kárahnjúka:

# Fjölmörg tilboð

**VERSLUN** Margir sýndu vinnubúðum Landsvirkjunar á Kárahnjúkum áhuga og bárust fjölmörg tilboð í þær, samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu. Ákveðið var að ganga til samninga við þá sem áttu hagstæðustu tilboðin.

Steindór Jónsson ehf. keypti 259 fermetra þjónustumiðstöð, JPP ehf. keypti 111 fermetra skrifstofuhús og Óshóll ehf. keypti 14 staka svefnskúra.

Landsvirkjun bauð einnig tæplega 300 fermetra svefnskála og fjögur rofahús til sölu en ákvað svo að nýta þau við Kröflu og Búðarhálsvirkjun. - bþs



**BLESS** Jessica Watson var kát þegar hún lagði úr höfn í Sydney í gær.

Ætlar að slá heimsmeit:

# Sextán ára siglir um heiminn

**SYDNEY: Hin sextán ára Jessica Watson frá Ástralíu lagði í gær upp í heimsreisu frá Sydney en hún ætlar að freista þess að verða yngst til þess að sigla einsömul umhverfis heiminn á seglbát. Jessica gerir ráð fyrir því að vera átta mánuði á leiðinni og vonast til þess að slá met hins sautján ára Mikes Perham frá Bretlandi en hann lauk siglingu umhverfis heiminn í ágúst síðastliðnum.**

**Watson varð fyrir því óláni við æfingasiglingar í síðasta mánuði að sigla á 63 tonna vöruskip og hvöttu áströlsk stjórnvöld hana eindregið til að endurskoða áform sín í kjölfarið. Hún lét það ekki stöðva sig.** - ve

# Sólarkísilverksmiðja slegin út af borðinu

**Fyrirhuguð uppbygging norska fyrirtækisins Elkem Solar á Grundartanga er í fullkomnu uppnámi með nýjum orku- og auðlindaskatti, að mati forstjóra Elkem Ísland. Um 123 milljarða króna erlenda fjárfestingu er um að tefla.**

**IÐNAÐARMÁL** „Ef þessi áform ganga eftir verður nær útilokað að selja þá hugmynd að staðsetja verksmiðjuna hér. Mitt persónulega mat er að þetta slái okkur út af borðinu“, segir Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem Ísland, spurður um áhrif boðaðra orku- og auðlindaskatta á fyrirætlanir um byggingu sólarkísilverksmiðju á Grundartanga.

Dótturfyrirtæki Elkem, Elkem Solar, hefur í rúmt ár unnið að því að meta hvar hagstætt sé að reisa nýja sólarkísilverksmiðju fyrirtækisins. Upphaflega voru fimm staðsetningar taldar koma til greina en í sumar var þeim fækkað niður í þrjár. Ísland er eitt þessara þriggja landa ásamt Kanada og ónefndu Asíulandi. Einar tekur skýrt fram að verksmiðjan hafi ekki verið í hendi en möguleikar Íslands afar góðir. Annað óvissuatriði sé hvað raunverulega sé verið að segja í frumvarpinu um nýja skatta.

Nýr orku- og auðlindaskattur á að skila þjóðarbúinu sextán milljörðum króna á ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2010. Það hefur verið nokkuð á reiki hvernig útfærsla skatttekjunnar verður og segir Einar að allir sem að orkufrekum iðnaði koma viti ekkert hvernig rekstrarumhverfi næstu ára verði.

Það liggur fyrir að um mikla hagsmuni er að tefla. Fjárfesting fyrirtækisins, ef til kæmi, væri einn milljarður Bandaríkjadala, eða 123 milljarðar íslenskra króna. Á uppbyggingartíma verði allt að þúsund manns við störf og 350 manns fái varanlega vinnu við framleiðslulínuna þegar verksmiðjan tekur til starfa árið 2012 eða 2013. Þá eru ekki talin með afleidd störf. „Þegar þau eru talin gæti verið um að ræða þúsund varanleg störf hér á svæðinu“, segir Einar.

„Vandinn er sá að við erum ekki bara að tala um skatt á orkuna heldur líka á kolefnislosun sem vegur þungt hjá okkur. Mér sýnist að miðað við nýjustu tölur þá þýði þetta vel á annan milljarð króna í aukinn kostnað fyrir verksmiðjuna“, segir Einar.

Elkem Ísland, sem rekur járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, hefur að undanförnu fjárfest fyrir átta milljarða króna í endurnýjun verksmiðjunnar. Einar segir það liggja fyrir að ekki hefði verið ráðist í þá fjárfestingu ef skattlagningaráform ríkisstjórnarinnar hefðu legið fyrr fyrir. „Mér finnst líklegra að dregið hefði verið úr starfseminni með tilheyrandi uppsögnum starfsfólks“, segir Einar. Í verksmiðjunni starfa á þriðja hundrað starfsmenn.

svavar@frettabladid.is



**FRÁ GRUNDARTANGA** Járnblendiverksmiðjan hefur starfað síðan 1979 og er vinnustaður á þriðja hundrað manna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Mér sýnist að miðað við nýjustu tölur þá þýði þetta vel á annan milljarð króna í aukinn kostnað fyrir verksmiðjuna.
>
> **EINAR ÞORSTEINSSON**
> FORSTJÓRI ELKEM Á ÍSLANDI



**GENGIÐ UM GÖTURNAR** Mótmælin í Madrid, höfuðborg Spánar, fóru friðsamlega fram.

Fóstureyðingarlög á Spáni:

# Mótmælendur létu í sér heyra

**MADRID Um ein milljón manns tók þátt í mótmælagöngu gegn frjálslyndari spænskum fóstureyðingarlögum í Madrid í gær. Þar á meðal voru fylgjendur fjölda hægri- og miðjuflokka og var gangan studd af kaþólsku kirkjunni.**

**Í göngunni var frumvarpi stjórnar sósíalista, þess efnis að öllum konum sem þess óska verði leyft að fara í fóstureyðingu, mótmælt. Frá árinu 1985 hafa fóstureyðingar á Spáni einungis verið leyfðar eftir þungun af völdum nauðgunar, þegar um genagalla fósturs er að ræða og þegar meðgangan stofnar lífi móður í hættu. Mótmælendurnir vildu ekki rýmka þau lög. Ríkisstjórnin vill hins vegar leyfa allar fóstureyðingar á fyrstu fjórtán vikum meðgöngu og að stúlkur niður í sextán ára gamlar geti farið í fóstureyðingu án samþykkis foreldra.** - ve

**STJÓRNMÁL**

## Þingmenn VG styðji ráðherra

Aðalfundur Kjördæmisráðs VG í Norðausturkjördæmi lýsir yfir fyllsta stuðningi við störf ráðherra flokksins og beinir þeim tilmælum til þingmanna hans að þeir standi einhuga að baki ráðherranna við erfið verkefni þeirra. Jafnframt er ánægju lýst með að flokkurinn skyldi ganga til stjórnarsamstarfs við Samfylkinguna.

AUKAKRÓNUR



AUKAKRÓNUR

2 gallabuxur á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér nýjar Diesel gallabuxur að vori og hausti hjá fjölmörgum verslunum NTC fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

A-kortin
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

410 4000 | landsbankinn.is



Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða ráðherra var hrakinn úr púlti þegar hann hugðist flytja ræðu á ráðstefnu í Háskóla Íslands á föstudag?

2 Hver er nýr formaður Viðskiptaráðs Íslands?

3 Hvaða markvörður var seldur frá KR til Lilleström?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Skilanefndir bankanna þrengja að Existu vegna vanskila á afborgunum lána:

# Vanskil nema tugmilljörðum

**VIÐSKIPTI** Glitnir eignarhaldsfélag hefur stefnt Existu vegna vanskila á afborgunum lána og krefur félagið um 650 milljónir króna vegna vanefnda. Lánið er skuldabréfaflokkur upp á tíu milljarða króna sem gefinn var út í lok maí 2007.

Glitnir eignarhaldsfélag er dótturfélag Glitnis og er stýrt af skilanefnd bankans. Í því eru skuldabréf nokkurra fyrirtækja.

Þetta er ekki eina krafan gegn Existu en skilanefnd Kaupþings hefur sömuleiðis stefnt félaginu fyrir dóm vegna skuldar upp á tuttugu milljarða króna og Nýja Kaupþing kært það til sérstaks saksóknara vegna sölu á Bakkavör og hlutafjáraukningu.



**STJÓRNENDUR EXISTU** Uppgjör Existu við bankana verður fyrir dómstólum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá hefur Kauphöllin margoft áminnt félagið vegna brota á tilkynningaskyldu en allir fjármálagerningar Existu voru teknir úr viðskiptum í vikunni.

Kröfurnar eru liður í deilum Existu við bankana, sem staðið hafa yfir frá hruni fyrir ári, um uppgjör afleiðusamninga félagsins í erlendri mynt. Stjórnendur Existu hafa áður lýst því yfir að eina leiðin til að gera upp málin verði fyrir dómstólum.

Þeir kröfuhafar sem rætt var við um stöðu Existu segjast hafa reynt til þrautar að semja um lausn mála. Það hafi litlu skilað og sæti undrun hvað menn þrjóskist lengi við að halda lífi í fyrirtækinu. **- jab**

Skoðanakönnun í Noregi:

# Konungssinnum fækkar

**NOREGUR, AP** Fjórir af hverjum tíu þingmönnum Noregs vilja afnema konungdæmi og taka upp lýðveldisskipulag.

Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem norska ríkisútvarpið, NRK, gerði meðal þingmanna á norska þjóðþinginu. Alls sögðust 68 af 169 þingmönnum vilja leggja niður konungdæmið.

Árið 2001 gerði dagblaðið Verdens Gang sams konar könnun. Þá vildu 57 þingmenn leggja niður konungdæmið. Samkvæmt skoðanakönnun dagblaðsins Aftenposten árið 2004 vildu þó aðeins 17 prósent Norðmanna leggja niður konungdæmið. **- gb**


## STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLINN



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS EFNA TIL OPINS FUNDAR
MIÐVIKUDAGINN 21. OKTÓBER
Á HÓTEL LOFTLEIÐUM KL. 8:00-10:00

**Félagsmenn SA eru eindregið hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar.**

**DAGSKRÁ**
8:00 Morgunkaffi og skráning
8:30 **FRAMSÖGUR:**
Vilmundur Jósefsson, formaður SA
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA
**UMRÆÐUR OG FYRIRSPURNIR**
10:00 Fundi lýkur

NAUÐSYNLEGT ER AÐ SKRÁ ÞÁTTTÖKU Á VEF SA **WWW.SA.IS**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ÍSLENSKA/SIA.IS/SAL 47696 10.09



**Auglýsingasími**
512 50 50




– Mest lesið




**BÓKAFLÓÐ** Að sögn bókaútgefenda hækkaði bókaverð ekki í fyrra þrátt fyrir uppsafnaða hækkunarþörf. Ekki hafi verið komist hjá verðhækkunum í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verð á bókum hækkar um 10 til 15 prósent

**Bókaútgefendur búast við góðri bókasölu fyrir jólin þrátt fyrir að verð á bókum hækki nú um 10 til 15 prósent. Lágmarkshækkun, segja útgefendur. Innbundin skáldsaga kostar á sjötta þúsund krónur.**

**BÆKUR** Forlagið er stærsta bókaútgáfan á Íslandi og gefur um 200 titla út á árinu. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segir að þrátt fyrir að bókaverð hjá þeim hækki á milli ára sé sú hækkun minni en almenn verðlagsþróun á Íslandi. „Í fyrra hækkaði verðið ekki neitt, þrátt fyrir uppsafnaða hækkunarþörf og aukinn kostnað,“ segir Egill.

„Hjá Forlaginu gerum við ekki ráð fyrir að verðið hækki um meira en tíu til fimmtán prósent á milli ára, sem er undir almennum verðhækkunum. Mér sýnist að heildsöluverð á skáldsögum geti því orðið rúmar 5000 krónur.“

Forlagið gefur út færri titla í ár en í fyrra en Egill á þó ekki endilega von á samdrætti í bóksölu. „Það sem af er ári hefur markaðurinn verið afskaplega góður. Bókin er tísku, ef svo má segja, eins og nýafstaðinn lagermarkaður Forlagsins er til vitnis um. Þar seldum við fleiri bækur en nokkru sinni í sex ára sögu markaðarins. Við erum því bjartsýn fyrir jólin í ár.“

Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti-Veröld býst við að verðhækkanir á þeirra bókum verði einnig á bilinu tíu til fimmtán prósent. „Bókaverð hefur ekki fylgt almennri verðlagsþróun undanfarin ár heldur nánast staðið í stað,“ segir hún.

„Bókin hefur því orðið hlutfallslega ódýrari með hverju árinu.



**EGILL ÖRN JÓHANNSSON**



**GUÐRÚN VILMUNDADÓTTIR**

Með gengishruninu snarhækkaði hins vegar kostnaðurinn, aðallega pappírsverðið. Þær hækkanir höfðu að einhverju leyti átt að koma inn í verðið í fyrra en við ákváðum að halda aftur af verðhækkunum eins lengi og við gætum.“ Kostnaðarhækkunin verði hins vegar ekki flúin lengur.

„Við fylgjum ekki almennri verðþróun heldur er þetta allra nauðsynlegasta hækkun á verði. Bókaútgefendur eru ekki að fá sömu framlegð og fyrir tíu árum.“ Sem dæmi um algengt verð á skáldsögu fyrir þessi jól nefnir Guðrún Harm englanna eftir Jón Kalman Stefánsson; leiðbeinandi verð á henni er 5.680 krónur.

Þrátt fyrir samdráttarskeið ætlar Bjartur ekki að rifa seglin í útgáfunni og koma ívið fleiri titlar út á vegum útgáfunnar í ár en í fyrra. „Bóksala hefur gengið vel undanfarið ár og við förum því kokhraust í jólavertíðina í ár.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Stórt skref í uppbyggingu Íslandsbanka

**Síðastliðinn fimmtudag var tilkynnt að kröfuhafar Glitnis munu eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka og ríkið mun eiga 5%. Þessi niðurstaða styrkir Íslandsbanka og treystir samstarf bankans við erlendar fjármálastofnanir.**

**Hvaða þýðingu hefur þessi ákvörðun fyrir Íslandsbanka?**
Á undanförnum mánuðum hafa erlendir sérfræðingar grandskoðað innviði bankans, stöðu hans og starfsemi. Meðal helstu ráðgjafa skilanefndar og kröfuhafa í því ferli voru alþjóðlegi fjárfestingabankinn UBS og lögfræðifyrirtækið Morrison & Foerster. Eftir þessa áreiðanleikakönnun var það niðurstaða skilanefndar að eignast hlut í bankanum. Sú ákvörðun sýnir að skilanefndin metur rekstur bankans góðan og hefur trú á framtíð íslensks efnahagslífs.

**Hverju breytir þetta fyrir bankann?**
Sú traustsyfirlýsing sem í þessu felst er stórt skref í uppbyggingu bankans og styrkir hlutverk hans sem fjármálastofnunar fyrir einstaklinga og atvinnulífið.

**Hver verður aðkoma ríkisins að bankanum?**
Ríkið mun eiga 5% af hlutafé bankans og hafa einn fulltrúa í stjórn. Stjórnvöld munu setja fjármálakerfinu reglur og halda uppi virku eftirliti með starfseminni. Ríkisvaldið hefur einnig ákveðið að hafa tiltekið fjármagn tiltækt til þess að styðja við bankana ef á þarf að halda.

**Hvaða áhrif hefur þetta á ríkissjóð?**
Kostnaður ríkisins vegna fjármögnunar bankans verður tæpum 37 milljörðum króna minni en áður var talið.

**Bætir breytt eignarhald aðgengi Íslandsbanka að erlendum lánamörkuðum?**
Það er von bankans að breytt eignarhald muni skapa aukið traust og bætt aðgengi að erlendum bönkum.

**Mun þessi breyting hafa áhrif á þjónustu við viðskiptavini?**
Nei. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á þjónustu Íslandsbanka.

**Breytir nýtt eignarhald réttarstöðu viðskiptavina?**
Nei. Engin breyting verður á stöðu innlánseigenda og í samningnum við ríkið er tekið fram að bankinn mun njóta allra sömu réttinda og aðrar fjármálastofnanir, óháð eignarhaldi.

**Hefur nýtt eignarhald áhrif á úrræði bankans fyrir viðskiptavini vegna greiðsluerfiðleika?**
Nei, viðskiptavinum munu áfram standa til boða öll þau úrræði sem nú eru í boði, jafnt úrræði ríkisins sem bankans. Það eru hagsmunir bankans og eigenda hans að hagur heimila og fyrirtækja í landinu vænkist og að endurreisn atvinnulífs gangi sem hraðast fyrir sig.

**Nýtt eignarhald Íslandsbanka er áfangasigur í uppbyggingu íslenska fjármálakerfisins.**

**Nánari upplýsingar um breytt eignarhald er að finna á islandsbanki.is.**

## Nýtt eignarhald




## Í hnotskurn

1. Engin áhrif á þjónustu
2. Fjármögnun traust
3. Mun bæta aðgengi að erlendum lánamörkuðum
4. Innstæður eru áfram tryggðar
5. Traustsyfirlýsing

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki




Yfirheyrslur yfir Heene-hjónunum í Colorado gefa tilefni til grunsemda:

# Loftbelgsforeldrar ákærðir

**BANDARÍKIN** Foreldrar litla drengsins sem óttast var að svifi um í heimatilbúnum loftbelg á fimmtudag verða sóttir til saka.

Jim Alderden, lögregustjóri í Colorado, sagði yfirheyrslur yfir hjónunum, Richard og Mayumi Heeni, hafa gefið tilefni til ákæru. Hjónin eru grunuð um að hafa sett atvikið á svið. Fréttin af atvikinu vakti gríðarlega athygli vestanhafs.

Systkini drengsins, sem ber nafnið Falcon, sögðust á fimmtudag hafa séð hann klifra inn í loftbelginn áður en hann losnaði. Falcon fannst síðan heill á húfi í bílskúr fjölskyldunnar. Sú skýring var gefin að hann hefði sofnað en þegar hann var spurður í viðtali við CNN hvers vegna hann hafi ekki komið úr felum þegar hann heyrði að hans var leitað svaraði hann: „Við gerðum þetta fyrir þáttinn“. Foreldrar Falcons hafa komið fram í raunveruleikaþættinum Wife Swap og hafa fjölmiðlar gert því skóna að þau séu haldin athyglissýki.


**FEÐGARNIR** Richard Heene ásamt sonum sínum Ryo og Falcon.

Alderden lögreglustjóri hafði áður sagt að hann tryði því ekki að foreldrar drengsins hefðu sviðsett atvikið en eftir að hafa rætt við þau aftur hefði hann ákveðið að tilefni væri til ákæru. Hann hefur óskað eftir heimild til að gera húsleit á heimili fjölskyldunnar í Fort Collins í Colorado auk þess sem hann á í viðræðum við bandaríska loftferðaeftirlitið. **- ve**

## BORGARBYGGÐ

### Vilja lækkun á heitt vatn

Sveitarstjórn Borgarbyggðar kveðst leggja mikla áherslu á að árangur náist í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um lækkun á vatns- og fráveitugjaldskrá fyrirtækisins í Borgarbyggð. „Það er afar mikilvægt að íbúar Borgarbyggðar búi við sambærilegar gjaldskrár og íbúar í öðrum sveitarfélögum sem eru eignaraðilar að Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir sveitarstjórnin.


**ÞJÓFNAÐUR** Fyrir sex árum fengu hjónin að Teigarhorni boð upp á fimmtán milljónir króna fyrir geislasteinasafnið. Safnið var ótryggt.

Ómetanlegu steinasafni á Berufjarðarströnd stolið:

# Lögreglan engu nær um geislasteinaþjófnað

**LÖGREGLUMÁL** „Safnið er í rauninni ómetanlegt. Atvinnugrundvellinum hefur verið kippt undan okkur með þessum þjófnaði, því öll starfsemin snerist um þetta safn,“ segir Jónína Ingvarsdóttir, eigandi geislasteinasafnsins á bænum Teigarhorni við Djúpavog. Hátt í 500 steinum úr safninu var stolið fyrir helgi.

Jónína dvelur um þessar mundir í Reykjavík þar sem eiginmaður hennar, Herbert Hjörleifsson, gengst undir meðferð vegna krabbameins í heila. „Maðurinn minn greindist í sumar og við fluttum suður í ágúst. Allir í Djúpavogi vissu að við værum flutt, en ég hef farið austur á tveggja vikna fresti til að fylgjast með að allt væri í lagi. Það er greinilegt að þjófurinn hefur fylgst með því hversu langt liði á milli heimsóknanna,“ segir Jónína.

Á Teigarhorni er eitt merkilegasta safn geislasteina á landinu og sækir það fjöldi erlendra ferðamanna á sumri hverju. Stálhleri var rifinn frá glugga á bænum til að komast inn. Steinarnir vógu allt frá nokkrum grömmum upp í tugi kílóa. Jónína segir greinilegt að viðkomandi hafi þekkt vel til. Steinunum hafi verið pakkað inn í handtöskur sem voru á bænum. „Mér finnst þetta alveg ótrúlegt. Hvaða gagn hefur nokkur af svona safni ef ekki er hægt að sýna það?,“ spyr Jónína. Spurð hvort mögulegt sé að koma safninu í verð segir hún það ólíklegt. „Ég hef aldrei vitað til þess að svona safni sé stolið hér á Íslandi,“ segir hún.

Jónína segir erfitt að meta fjárhagslegt tjón vegna þjófnaðarins. „Fyrir um sex árum bauð útlendingur um fimmtán milljónir króna í safnið. Um er að ræða höfum mikið að gera austur í vor. Grundvöllurinn til að halda úti ferðaþjónustu vegna safnsins er horfinn,“ segir Jónína Ingvarsdóttir.

Lögreglan á Fáskrúðsfirði, sem annast rannsókn málsins, segir hana á frumstigi.

**kjartan@frettabladid.is**




Opinn fundur, Hvammi, Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 21. október




Dagskrá

13:00 **Orkuforði og endurnýjanleiki jarðhitakerfa**
Ólafur G. Flóvenz, forstjóri ÍSOR – Íslenskra orkurannsókna

13:25 **Sjálfbær nýting jarðhitakerfa**
Guðni Axelsson, deildarstjóri, ÍSOR

13:50 **Sjálfbær nýting á Íslandi:**

**Lághitasvæði Reykjavíkur - sjálfbær vinnsla í 80 ár**
Gretar Ívarsson, jarðfræðingur, Orkuveitu Reykjavíkur

**Svartsengi – farsæl orkuframleiðsla í 30 ár**
Albert Albertsson, aðstoðarforstjóri, HS Orku

**Krafla – 30 ára barátta við náttúruöflin**
Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri, Landsvirkjun Power

15:00 **Umræður**

15:30 **Fundarlok og kaffiveitingar**

Fundarstjóri: Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis, en nauðsynlegt er að skrá þátttöku í síma 588 4430 eða með tölvupósti til **the@samorka.is**

ORKUSTOFNUN | JARÐHITAFÉLAG ÍSLANDS | GEORG | IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | ÍSOR | SAMORKA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## LEIÐRÉTTING

T exti sem fylgja átti þessu kökuriti í frétt blaðsins á laugardag féll niður. Kökuritið sýnir meðallestur á dagblöðum hjá aldurshópnum 18 til 49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða skiptingu lesenda mánudaga til laugardaga. Könnunin var gerð af Capacent á tímabilinu frá maí til júlí fyrr á þessu ári.

### Meðallestur á dagblöðum

Samkvæmt nýjustu lestrarkönnun lesa 144 þúsund, á aldrinum 12 til 80 ára, Fréttablaðið á hverjum degi sem er rúmlega fimmtíu þúsundum fleiri en lesa Morgunblaðið.



# Vefhýsing_

# 668 kr. á mánuði

## Pantaðu núna á **www.1984.is**

## ÍSLENSK VEFHÝSING = MEIRI HRAÐI >> MEIRA ÖRYGGI >> MUN ÓDÝRARI

### MARKAÐSHLUTDEILD 5 STÆRSTU




Markaðshlutdeild stærstu vistunaraðila .is léna samkvæmt tölum Internet á Íslandi.

### ALLT ÞETTA FÆRÐU:

- **Netföng:** Ótakmarkað
- **Mysql gagnagrunnar:** Ótakmarkað
- **Netumferð:** Ótakmarkað
- **Aukalén og undirlén á aðalléni:** Ótakmarkað
- **DNS þjónusta:** Ótakmarkaður lénafjöldi
- **Diskpláss:** 5 gígabæti (5120 megabæti)
- **Vefpósthús:** Val um tvenns konar vefpósthús
- Tölfræði síðunnar
- ftp aðgangur
- PHP, Python og Perl stuðningur
- IMAP og POP3 Stuðningur
- DAGLEG AFRITUN GAGNA

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

**1984**

– stóri bróðir hefur gætur á þér

Skólavörðustíg 3 ::: 101 Reykjavík ::: Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is



**FUNDAR NEÐANSJÁVAR** Mohamed Nasheed, forseti Maldíveyja, að loknum ríkisstjórnarfundi sem fram fór neðansjávar. Fundarstaðurinn var valinn til að vekja athygli á hversu eyjunum stafar mikil ógn af hlýnun jarðar. NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfstæðismenn telja fjármál Hafnarfjarðar komin í óefni vegna skuldasöfnunar:

# Vilja stóraukna hagræðingu

**SVEITARSTJÓRNIR** „Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur kallað eftir skýringum Hafnarfjarðarbæjar. Þetta er sönnun þess að þessi opinbera nefnd telur að fjármál Hafnarfjarðar séu komin í óefni,“ segir í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

Rætt var um sex mánaða uppgjör Hafnarfjarðarbæjar á síðasta bæjarstjórnarfundi. Sjálfstæðismenn sögðu að heildarskuldir og skuldbindingar stefndu hratt í 40 milljarða. „Er ljóst að bæjarfélagið getur með engu móti staðið straum af skuldbindingum sínum nema með nýjum lántökum og að til komi stóraukin hagræðing í rekstri,“ sögðu sjálfstæðismenn.



**HARALDUR ÞÓR ÓLASON** Lagði fram bókun fyrir hönd sjálfstæðismanna á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag.

Bæjarfulltrúi Vinstri grænna kvaðst taka undir áhyggjur vegna uppgjörsins en kvaðst ætla að taka þátt í vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri úr Samfylkingunni, sagði ytri aðstæður á fjármálamörkuðum og óhagstæða þróun gengismála hafa skapað neikvæðan gengismun í lánasafni bæjarins. „Brugðist hefur verið við þeirri stöðu meðal annars með hagræðingu á öllum rekstrarsviðum bæjarfélagsins og jafnframt skuldbreytingu lána og endurfjármögnun,“ sagði í bókun bæjarstjórans. **- gar**

Saklaus af ölvunarakstri:

# Fær ekki bætur fyrir sviptingu

**DÓMSMÁL** Maður sem dæmdur var til sviptingar ökuleyfis í héraðsdómi vegna ölvunaraksturs fær ekki bætur fyrir sviptinguna þó að Hæstiréttur hafi snúið dómi héraðsdóms við, að því er fram kemur í dómi Hæstaréttar.

Maðurinn fór fram á skaðabætur frá ríkinu fyrir að hafa verið saklaus sviptur ökuréttindum. Hæstiréttur féllst ekki á bótaskyldu ríkisins, enda teldist ökuleyfissvipting hvorki refsing né eignaupptaka í þessu samhengi.

Maðurinn fékk gjafsókn í málinu, og fellur því kostnaður við málið á báðum dómstigum á ríkissjóð. **- bj**

Vímuvarnavika í sjötta sinn:

# Kannabisneysla í brennidepli

**FORVARNIR Vímuvarnavikan 2009 er hafin og stendur til 24. október. Markmið vímuvarnavikunnar, sem nú er haldin sjötta árið í röð, er að vekja athygli landsmanna á mikilvægi forvarna, einkum þeirra sem beinast að börnum og unglingum.**

**Sjónum manna er nú beint að kannabisneyslu ungs fólks og foreldrar hvattir til að vera vel á verði gagnvart þeim vágesti sem fíkniefni eru.** **- shá**

## DÓMSTÓLAR

### Kaupfélag Héraðsbúa

Fundur með lánardrottnum Kaupfélags Héraðsbúa, sem fengið hefur heimild til nauðasamninga, verður haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum fimmtudaginn 12. nóvember.

Framkvæmdastjóri Kolaportsins segir að ásókn í sölupláss hafi stóraukist:

# Biðlisti eftir föstum básum í Kolaporti

**VIÐSKIPTI** Stóraukin ásókn er í sölupláss í Kolaportinu í Reykjavík, að sögn Gunnars Hákonarsonar, framkvæmdastjóra Kolaportsins. Hann segir þó erfitt að leggja tölulegt mat á aukninguna, þar sem alla jafna hafi verið skipað í öll pláss. Hann finni þó fyrir því að pláss sem losna séu tekin mun fyrr en áður.

Flestir sölubásarnir í Kolaportinu eru leigðir til lengri tíma, en svo er jafnframt hægt að leigja pláss yfir helgi eða daglangt. „En við erum jú með takmarkað magn af básum og núna fyllist þetta mun hraðar.“ Þá er allangur biðlisti eftir því að komast í sölupláss til lengri tíma, en Gunnar telur minna að byggja á lengd hans. „Þegar til kemur er svo ekki nema einn af tíu sem hefur skráð sig sem vill taka plássið. Fólk segist þá hafa hætt að gera ráð fyrir því að fá úthlutað.“

Alla jafna er hægt að panta sölupláss mánuð fram í tímann, en á vef Kolaportsins kemur fram að allir sölubásar séu upppantaðir út nóvembermánuð.

Þótt vera kunni að rekja megi aukna ásókn í sölupláss í Kolaportinu til efnahagsástandsins segir Gunnar ekki hægt að merkja breytingu á þeim varningi sem fólk hefur til sölu.

Kolaportið var fyrst opnað árið 1989 í bílastæðageymslu bílastæðasjóðs í Seðlabankanum, en starfsemin flutti í neðstu hæð Tollhússins við Tryggvagötu í Reykjavík árið 1994. **- óká**



**Í KOLAPORTINU** Fjöldi manns leggur leið sína í Kolaportið um hverja helgi til að gera góð kaup, sýna sig og sjá aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





TRAUST FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

MP Banki veitir fyrirtækjum alla almenna bankaþjónustu. Í fyrirtækjaþjónustu okkar er knár hópur fólks með áralanga reynslu af fjármálaþjónustu við fyrirtæki og þekkingu á fjölbreyttum þörfum þeirra. Með áherslu á að vinna í takt við viðskiptavini, jafnt smáa sem stóra, er þjónusta okkar markviss, fagleg og traust.

Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur í Borgartúni 26

MP BANKI

Borgartúni 26 sími 540 3200
thjonusta@mp.is www.mp.is

**FRÉTTASKÝRING:** Ísland og Færeyjar, kreppur og framtíð

FJÓRÐI OG SÍÐASTI HLUTI

# Eyjurnar mjakast í átt til Evrópu

**Töluvert hefur verið rætt um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu í Færeyjum, enda hefði innganga Íslands í ESB áhrif á færeyska hagsmuni. Færeyskir stjórnmálamenn óttast jafnvel að staða eyjanna gagnvart ESB verði verri fyrir vikið. Stefnt er að nánara sambandi við ESB, án þess að glata því sem hefur áunnist í sjálfstjórnarmálum aftur til Danmerkur. Allir flokkar vilja hafa evru fremur en færeyska mynt.**



**TÚ ALFAGRA LAND MÍTT** Íslenska efnahagshrunið hefur stöku sinnum verið nýtt sem víti til varnaðar af Færeyingum sem vilja óbreytt eða nánari tengsl við Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÓLMFRÍÐUR

Í nýlegri heimsókn sinni til Íslands lýsti lögmaður Færeyja, Kaj Leo Johannesen, því yfir að vel væri fylgst með umsóknarferli Íslendinga til aðildar að Evrópusambandinu. Þau úrslit gætu haft veruleg áhrif á evrópupólitíska umræðu í Færeyjum.

Umsókn Íslands hefur í raun þegar haft mikil áhrif á umræðu um framtíðarpláss Færeyinga meðal þjóða. Vestnorrænt samstarf Grænlands, Íslands og Færeyja er þjóðinni afar mikilvægt og óttast margir að úr því dragi, fari Íslendingar í ESB. Í blaðinu á laugardag kom fram að í utanríkisráðuneyti Færeyja er talið að fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja, Hoyvíkursamningnum, yrði slitið, með inngöngu Íslands í ESB.

Fari Ísland inn hefði helsti keppinautur Færeyinga í sjávarútvegi betri aðgang að evrópskum mörkuðum en þeir. Margir Færeyingar bíða því spenntir að sjá hvaða samning Íslendingar beri úr býtum. Jafnvel félag færeyskra útgerðarmanna hefur lýst því yfir að nú þurfi Færeyingar að fara að íhuga kosti sína, í ljósi umsóknar Íslands. Sjávarútvegsstefna ESB hefur hingað til ekki verið vinsæl í Færeyjum, en nær allur útflutningur eyjanna byggir á sjávarútvegi. Þegar Danmörk gekk í Evrópubandalagið 1973 ákváðu Færeyingar að standa fyrir utan.

Víða í Færeyjum, til dæmis innan Fólkaflokksins, sem gjarnan er kenndur við útvegsmenn, er óttast að innganga Íslands kunni að hafa neikvæð áhrif á samningsstöðu Færeyja gagnvart ESB.

### Vilja nánara samstarf við ESB

Á vegum færeyska utanríkisráðuneytisins starfar nú Evrópunefnd sem á að skila tillögum um framtíð landsins innan Evrópu í lok árs. „Að því loknu verður rætt um hvaða skref við stígum í átt til Evrópu,“ eins og lögmaðurinn orðar það. Færeyingum er mikilvægt að auka útflutning fullnýttra sjávarafurða og „við viljum því vita hvað er í boði,“ segir Kaj Leo.

Fyrir inngöngu Færeyja í ESB er þó ekki pólitískur vilji, utan raða Sambandsflokksins. Stjórnmálamenn telja flestir að færu Færeyjar inn í núverandi stöðu sinni, sem hluti Danmerkur, yrði þjóðréttarleg staða þeirra eins og staða héraðs í Danaveldi. Að öll sjálfstæðisbarátta Færeyinga í gegnum tíðina hefði verið til einskis.

### Evrópska efnahagssvæðið

En margir færeyskir stjórnmálamenn hafa áhuga á að gera Færeyjar aðila að EES. Fyrrgreind þjóðréttarleg staða landsins flækir þau mál.

Samkvæmt ríkjandi samningi þjóðanna eru það Danir sem sækja um aðild að alþjóðasamtökum fyrir hönd Færeyinga. Danir segja sem svo að þeir geti ekki sótt um aðild að samtökum sem Danir eru nú þegar í, en hafa ekki útilokað EES-aðildina.

En dönsk stjórnvöld hafa verið hjálpsöm við að reyna að koma Færeyjum í EFTA. Sú vegferð hefur þó stöðvast í bili, meðan beðið er niðurstöðu aðildarumsóknar Íslands.

Jørgen Niclasen, utanríkisráðherra Færeyja og formaður Fólkaflokksins telur þó að Danmörk vilji ekki hleypa Færeyingum í EES. Hann vill semja um álíka samstarf við ESB.

„Fríán aðgang fyrir vörur höfum við nú þegar. Frjálsa för fólks og fjármagns og þjónustu viljum við fá. Þetta fernt saman er EES. Við getum ekki verið í því, en við getum rætt um hvert og eitt fjórfrelsi við ESB,“ segir hann.

Høgni Hoydal, formaður Þjóðveldisflokksins, stærsta stjórnarandstöðuflokks Færeyja, hefur lýst því hér í blaðinu að hann stefni á EES. „Eins og Íslendingar vita snýst fullveldi þjóðar ekki um að sitja einangraður í Atlantshafi heldur um að komast út í heiminn og inn í alþjóðasamfélagið,“ segir hann.

### Evran það sem koma skal

Allir færeyskir flokkar vilja nota Evru sem gjaldmiðil, en deila um hvort það skuli gert nú þegar, eða um leið og Danmörk tekur hana upp. Sambandsflokkur lögmannsins vill bíða eftir Danmörku. Kaj Leo minnist á að Færeyingar fengu að vera með í bankapakka Dana, til að tryggja innistæður og rekstur bankanna í kjölfar yfirstandandi kreppu. Óheppilegt er að segja skilið við það öryggisnet að svo stöddu, að hans mati.

Jørgen utanríkisráðherra vill fara hraðar í málið: „Gjaldeyrismálin eru stóra spurningin í dag. En ólíkt Íslandi, myndum við fara inn í ESB án þess að hafa rétt á að fá evruna. Við þyrftum að halda í dönsku krónuna þar til Danmörk ákvæði annað. Innganga í ESB er því allt önnur spurning fyrir okkur og sá er munurinn á stöðu Íslands og Færeyja. Það er mikilvægt að hafa voldugan gjaldmiðil og þetta sjáum við sem okkar áskorun, að geta tekið hana upp án inngöngu,“ segir hann.

Kári P. Højgaard, formaður Sjálfstjórnarflokksins, er á svipuðu máli. Vextir af danskri krónu séu of háir. „Við teljum að evran sé sá gjaldmiðill sem flestar þjóðir koma til með að nota. Það er bara eðlilegt að kanna hvort við getum verið ein að þeim þjóðum,“ segir hann. Færeyingar geti hvort eð er engin áhrif haft á gengi dönsku krónunnar.

### Læra af öðrum smáríkjum

Hluti af Evrópustarfi núverandi landsstjórnar er að ræða við smáríki svo sem San Marínó og Mónakó og læra af reynslu þeirra í samningagerð við ESB. Fyrir utan fyrrgreindar þjóðréttarlegar flækjur og sjávarútvegsmál, er ein helsta meginástæða andstöðu færeyskra stjórnmálamanna við aðild að ESB sú að Færeyingar hafi ekki bolmagn til þess. Stjórnkerfi Færeyinga sé of smátt í sniðum.

„Þetta er ákveðið vandamál fyrir ESB, hvað gera skuli við smáþjóðirnar. San Marínó [þar sem búa um 30.000 manns] verður til dæmis ekki tekið inn sem alvöru aðildarríki og látið stýra ESB í hálft ár í senn! Hvað á þá að gera? Það skiptir ESB máli að finna einhverja lausn fyrir þessi ríki. San Marínó getur ekki verið þar á sömu forsendum og Þýskaland,“ segir utanríkisráðherrann.

Um aðildarumsókn Íslands segist hann ekki vilja ræða sem utanríkisráðherra. Hann hafi þó fullan skilning á stöðu Íslendinga og að þeir þurfi sterkari gjaldmiðil. „Íslendingar eiga bara að gera það sem er gott fyrir Ísland,“ segir hann.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

## MEGA FÁ SJÁLFSTÆÐI HVENÆR SEM ER



Færeyingar geta farið jafn hratt í sjálfstæðismálin sín og þeir vilja. Aukið sjálfstæði hefði þó breytingar í för með sér, til dæmis myndi fjárhagsstuðningur Dana líklega minnka eitthvað við aukið sjálfstæði. Þetta segir Dan M. Knudsen, ríkisumboðsmaður Dana í Færeyjum.

Prentun færeyskra peningaseðla og aðild Færeyinga að dönsku myntsvæði er þeim að kostnaðarlausu. Ríkisumboðsmaðurinn var spurður hvort hugmyndir um upptöku evru í Færeyjum væru óvinsælar í Danmörku, segir hann að það hafi ekki verið rætt sérstaklega.

Um hvort ómögulegt sé, frá Dönum séð, að Færeyingar verði hluti af EES í gegnum EFTA, að óbreyttri þjóðréttarlegri stöðu Færeyja, segir hann: „Afstaða danskra stjórnvalda er sú að Færeyingar geti orðið aðilar að EFTA. Utanríkisráðherra Dana hefur gert sitt og talað við aðildarþjóðir EFTA um þetta. En um EES treysti ég mér ekki til að ræða.“




## Frjósömustu konur Evrópu

- Meðal Færeyinga eru hreintungusinnar sem telja íslenskun færeyskunnar komna úr öllu hófi fram.
- Færeyingar fengu heimastjórn 1. apríl 1948.
- Ferilskrár Færeyinga hefjast yfirleitt á því að rakið er hverra manna þeir eru.
- Færeyskar konur eru þær frjósömustu í Evrópu því hver kona fæðir að meðaltali 2,45 börn. Á Íslandi eru þau 1,99.

## ÍSLENDINGAR ÞURFA AÐ LÆRA AÐ SPARA



„Ég held að þetta sé erfitt fyrir Íslendinga. En þeir þurfa að læra að setja peningana inn á bók. Það gera Færeyingar, við notum ekki alla peningana sem við eigum,“ segir **Rigmor Olsson**, sem nú er komin á eftirlaun.

„Við lentum í kreppu og ef maður hefði ekki sparað þá hefðum við lent í miklum vandræðum. Maður passar upp á peningana,“ segir hún.

„Það er synd að Íslendingar hafi misst öll þessi fínu fyrirtæki, en síðan hafa þeir nú fengið svolitla hjálp frá Færeyingum!“ segir hún og hlær.

Rigmor minnir á að margir Færeyingar hafi aflað tekna á Íslandi og séu þakklátir fyrir það. Margir sem hún þekkir hafi heimsótt landið, maður hennar oftar en einu sinni.

**Bjørg Simonsen** er færeysk en búsett í Danmörku. Hún var í heimsókn í Þórshöfn fyrir skömmu, þar sem blaðamaður rakst á hana. Hún segir að Færeyingar séu meðvitaðir um að Íslendingar séu staddir í djúpri kreppu. Fyrst eftir hrunið hafi öll blöð og allir fréttatímar verið fullir af íslenskum fréttum. En nú séu frekar fréttir af evrópskri og danskri kreppu. Það vinni gegn Íslendingum að aðrar þjóðir séu í vandræðum á sama tíma, til að mynda torveldi það útflutning. Endurreisn landsins muni því taka lengri tíma en ella.



## SEGIR ÍSLENDINGA KOMNA SKREFINU Á UNDAN – FÆREYSK STJÓRNVÖLD HIKA

Sjálfstæðissinnar Færeyja, Þjóðveldisflokkurinn og Sambandsflokkurinn, hafa löngum deilt um framtíðarstað Færeyja í samfélagi þjóðanna við sambandssinna, sem vilja tryggja sambandið við Danmörku. Þessir flokkar standa fyrir öfgarnar í utanríkismálum.

Seint í júlí, í sömu vikunni, skrifuðu þingmennirnir **Hergeir Nielsen** úr Þjóðveldisflokknum og sambandsflokksmaðurinn **Edmund Joensen**, fyrrverandi lögmaður Færeyja, sína greinina hvor í færeysku blöðin um aðildarumsókn Íslands.

Sambandsmaðurinn Edmund reið á vaðið og skrifaði að umsókn Íslendinga neyddi Færeyinga til að endurhugsa Evrópupólitík sína. Íslendingar hefðu tekið stórt utanríkispólitískt skref og væru þar með komnir lengra áleiðis en Færeyingar. Þetta skref væri afar þýðingarmikið fyrir Færeyinga því það hefði mikil áhrif á samkeppnisfærni þeirra. Með tollafrelsi Íslendinga yrði færeyskur sjávarútvegur í klípu. „Okkur fer þá að blæða fjárhagslega“ með döprum afleiðingum fyrir velferðarkerfið. Edmund telur að Ísland fái skjóta inngöngu, því íslenski utanríkisráðherrann sé „kominn í vinnufötin“.

Að mati Edmunds leiðir þetta af ESB-inngöngu Íslands fyrir Færeyinga:

- Hoyvíkursamningur landanna er úr sögunni.
- Hið veika EFTA veikist enn og „besti vinur“ Færeyja hverfur úr því. Um leið gerist EFTA „fullkomlega óáhugavert“ fyrir Færeyinga því helsti keppinauturinn (Íslendingar) er farinn á aðrar slóðir.
- Ísland verður áhugaverður fjárfestingarkostur og spennandi fyrir ungt fólk að búa þar.
- Ísland fær möguleika á að verða fjárhagslega stöðugt.



EDMUND JOENSEN

Stjórnarþingmaðurinn Edmund gagnrýnir utanríkisráðherra sinn harðlega. Umsókn Íslands beri merki um þor til að komast að því hvað sé í boði hjá ESB. Sérlega áhugavert verði að sjá hvaða tilboð Íslendingar fái í sjávarútvegsmálum. Íslendingar vilji vita en ekki giska á. Slíka djörfung sýni núverandi landsstjórn Færeyinga ekki, en utanríkisráðherrann hefur lýst því yfir að umsókn Íslendinga breyti ekki Evrópustefnu Færeyinga að svo komnu máli.

Stjórnarandstæðingurinn Hergeir Nielsen, segir að síðan 1995 hafi Færeyingar rætt um stöðu sína í Evrópu, án nokkurrar niðurstöðu. Núverandi stjórn viti ekki í hvorn fótinn hún eigi að stíga. Í fjögur ár hafi ekki verið fjallað um utanríkismál í Lögþinginu.

Hergeir notar Evrópumálin til að vekja athygli á þjóðréttarlegri stöðu Færeyinga undir Dönum. Réttarstaða eyjanna sem hluti Danmerkur sé helsti Þrándur í Götu þess að Færeyingar geti staðið jafnfætis öðrum löndum.

En Ísland hafi engan slíkan akkilesarhæl og geti því sótt um aðgang að hvaða milliríkjasamstarfi sem er. Á fjögurra ára fresti séu hins vegar sett stefnumið um að tryggja að ekkert haggist í Færeyjum.



TEMPUR®

ÞRÝSTIJÖFNUNAR HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

# Hryggurinn styður þig allan daginn...



## ... með Tempur styður þú hrygginn alla nóttina.

### Original heilsudýnan *frá* Tempur®

- Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.
- TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.
- Original heilsudýnan *frá* Tempur léttir á baki og herðum.

Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

Kíktu á www.tempur.is til að sjá meira um Tempur heilsuvörurnar.

*Næturlöng endurnýjun fyrir líkama og sál™*

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Allt skal leynt fara nema annað sé ákveðið:

## Uss!

**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR**

Fyrsta grein óskráðra reglna íslenskra stjórnmála, stjórnsýslu og viðskipta er að yfir málum skuli hvíla leynd nema annað sé sérstaklega ákveðið. Af þessari óskráðu reglu eru stjórnmálin, stjórnsýslan og viðskiptin gegnsýrð.

Þegar um er spurt fást margvíslegar skýringar á leyndinni. Sumar kunna að vera skiljanlegar en aðrar geta verið hlægilegar. Í nýlegu tilviki þar sem forseti Íslands á í hlut eru skýringarnar beinlínis sprenghlægilegar.

Fréttablaðið óskaði eftir afritum af tilteknum sendibréfum forsetans eftir að hafa fengið upplýsingar um að nefnd Alþingis sem rannsakar bankahrunið hefði þau til athugunar.

Í neitunarsvari forsetans til blaðsins segir efnislega að almannahagsmunir krefjist þess að bréfin verði ekki birt. Takið eftir: Almannahagsmunir. Og hvaða almannahagsmunir skyldu það nú vera? Jú, bréfin eru samskipti við önnur ríki og birting þeirra gæti spillt fyrir góðum samskiptum og viðkvæmu trausti við þjóðhöfðingja og erlenda ráðamenn enda var ekki gert samkomulag um að opinbera þau. Þá er vísað til þess að takmarka megi aðgang að gögnum sem varða „fjárhags- og viðskiptahagsmuni“ fyrirtækja nema samþykki þeirra liggi fyrir.

En bíðið róleg, segir forsetinn, þið fáið að sjá bréfin eftir þrjátíu ár.

Rétt er að rifja upp hverjum forsetinn skrifaði þessi bréf sem hann vill ekki að íslenskur almenningur sjái fyrr en eftir þrjátíu ár af því að hagsmunir þess sama almennings geta skaðast ef viðkomandi fólk styggist. Viðtakendur voru forseti og forsætisráðherra Kína, fyrrverandi forseti og varaforseti Bandaríkjanna, tveir indverskir ráðherrar, emírinn af Katar, krónprinsinn í Abu Dhabi, forseti Búlgaríu, forseti Kasakstans, krónprins og krónprinsessa Serbíu, öldungadeildarþingmaður frá Alaska, forstjóri Apollo og Björgólfur Thor.

En nóg um þessa vitleysu.

Klassískt dæmi um fáránlega leyndarhyggju er verðið sem orkufyrirtæki í eigu almennings rukka fyrir rafmagn til stóriðjuvera. Fyrsta grein óskráðu reglnanna er í öndvegi. Og eins og jafnan stenst hún ekki góða siði, frekar en annað, sem stjórnmálamenn ættu að auðmýkt að viðhafa gagnvart borgurunum.

Allt sem snýr að Icesave-samningagerðinni er sama marki brennt. Ríkisstjórnin lagði sig í framkróka um að gæta þess að ekkert efnislegt spyrðist um gang mála. Þetta var svo ægilega viðkvæmt allt saman. Ráðherrarnir gleymdu því að þeir eru aðeins umboðsmenn kjósenda sem áttu að sjálfsögðu fulla heimtingu á að fylgjast með frá degi til dags. Engu breytir hvað Bretum og Hollendingum fannst. Þegar trúnaður er ákveðinn þarf tvo til. Hefðu samningarnir orðið verri ef efnislegar upplýsingar hefðu verið veittar reglulega? Geta þeir verið verri?

Viðskiptin eru svo sér kapítuli. Um þau má enginn vita neitt. Nýju bankastjórarnir eru alveg eins og gömlu. Leyndó, leyndó, segja þeir þegar þeir eru spurðir um tiltekin mál. Sama segja aðrir sem höndlað hafa með milljarða. Þeir vilja hafa sitt í friði. Reglur skipta ekki máli. Til dæmis hundsaði Exista kauphallarreglur um upplýsingaskyldu trekk í trekk og var á endanum sparkað þaðan út.

Þrátt fyrir hrun, þrátt fyrir nýja tíma, þrátt fyrir nýtt fólk, þrátt fyrir vinstri stjórn mun ekkert breytast í þessum efnum. Leyndarákvæðið verður áfram númer eitt í óskráðum reglum stjórnmálanna, stjórnsýslunnar og viðskiptanna. Því miður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lítið reikningsdæmi

Ólafur Ragnar Grímsson segist ekki hafa orðið var við annað en velvilja í sinn garð hjá þeim tugum þúsunda Íslendinga sem hann hefur hitt undanfarið ár. Lítum nánar á það: Tugir þúsunda geta aldrei átt við minna en tuttugu þúsund. Með reiknikúnstum má komast að þeirri niðurstöðu að ef forsetinn vinnur langan vinnudag í samræmi við launin – segjum tíu tíma – alla daga vikunnar í heilt ár, þá hefur hann þurft að ræða við 55 á degi hverjum til að dekka tuttugu þúsunda lágmarkið, eða fimm og hálfan Íslending á klukkustund. Það er vel af sér vikið.



### Heimsmet?

Raunar má fullyrða að forsetinn hefur staðið sig enn betur, því vitað er að hann hefur forfallast frá samtölum af þessu tagi í þó nokkra daga. Hann hefur til dæmis brugðið sér til útlanda, og varla hefur hann rætt við marga tugi á dag þann tíma sem hann lá axlarbrotinn á spítala. Eigi tugþúsundirnar sem hann nefnir síðan við um fleiri tugi en tvo, lætur nærri að Ólafur hafi á liðnu ári sett heimsmet í skrafhreifni.

### Skylda hvers manns

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, sýnir Baldri Guðlaugssyni ráðuneytisstjóra talsverða samúð í pistli á Pressunni í gær. Hermann gengur út frá því að Baldur hafi búið yfir innherjaupplýsingum þegar hann seldi bréf sín í Landsbankanum skömmu fyrir hrun. Hermann kemst að þeirri niðurstöðu að Baldri hafi þá verið nauðugur einn sá kostur að brjóta lög og selja bréfin, til að forða sér frá gjaldþroti. „Í mínum huga þá er það grundvallarréttur og skylda hvers manns að verja sig og sína fjölskyldu fyrir áföllum og forða tjóni þar sem það er hægt,“ segir Hermann. Gott og vel. En hefði hann þá ekki átt að láta okkur hin – og þar með þann sem keypti af honum hin feigu bréf og tapaði sínu – vita af aðsteðjandi hættu? Eða er nóg að hugsa bara um sjálfan sig?



**stigur@frettabladid.is**

# Vígð smámenni

Kristur tók sér alltaf stöðu með hinum kúguðu og forsmáðu, gegn kúgurum og valdníðingum. Kirkja sem ekki gerir það getur ekki gert neina kröfu til þess að teljast kirkja Krists á jörð. Þetta er svona einfalt. Stofnun sem tekur sér stöðu með þeim sem uppvís hefur orðið að siðferðisbroti, gegn fórnarlömbunum, er ekki kirkja heldur ömurleg afskræming alls þess sem kirkja á að vera.



**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON**

**Í DAG** | Mál séra Gunnars Björnssonar

Kirkja er samfélag. Hagsmunir samfélags verða alltaf að vega þyngra en hagsmunir einstaklinganna sem þjóna því. Kirkjunni ber ávallt að vera stærri en persónuleikarnir sem gegna embættum á vegum hennar. Því miður hefur mörgum klerkum þó að undanförnu virst með öllu fyrirmunað að taka velferð kirkjunnar fram yfir persónulega hagsmuni sína, of blindaðir af embættisást til að sjá tjónið sem þeir valda. Nema þeim sé skítsama. Afraksturinn er trausti rúin Þjóðkirkja.

Nýjasta dæmið er mál Gunnars Björnssonar. Þar sem hann var sýknaður af ákæru um kynferðisbrot, bæði í héraði og í Hæstarétti, telur hann sig geta snúið aftur í embætti sitt eins og ekkert hafi í skorist, þrátt fyrir að rannsókn málsins hafi leitt í ljós að hann strauk unglingsstúlkum og kyssti þær, þrátt fyrir að sóknarnefnd hafi lagst gegn því að hann snúi aftur til starfa og Fagráð Þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot sé sama sinnis. Aukinheldur rauf hann bæði vígslueið sinn, „að vera öðrum til fyrirmyndar og styrktar í sannri trú og grandvöru líferni“, og braut siðareglur Prestafélags Íslands þar sem segir: „Prestur má ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings, s.s. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú með öðrum hætti.“ Þótt dómstólar telji framferði hans ekki falla undir skilgreininguna á kynferðislegri áreitni er óvefengjanlegt að tilfinningar stúlknanna voru vanvirtar og tiltrú þeirra ógnað.

Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar telur að Gunnar hafi gerst sekur um ótvírætt siðferðisbrot þótt hún treysti sér ekki til að mæla með því við biskup að hann yrði sviptur brauðinu. Ástæða þess er einfaldlega sú að vegna einhvers, sem aðeins getur verið handvömm við samningu starfsreglna nefndarinnar, hefur hún engin úrræði að grípa til vegna siðferðisbrota. Þegar framin eru svokölluð agabrot horfir málið öðruvísi við. Þá getur hún mælt með tafarlausri brottvikningu. Gunnar var af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ekki fundinn sekur um agabrot.

Biskupi var því vandi á höndum. Hann þurfti að ákveða hvað gera skyldi við prest, margsekan um siðferðisbrot, sem sóknarnefnd vildi losna við, en sem nýtur verndar laga um starfsöryggi opinberra starfsmanna, þótt fráleitt sé að ætla að þau hafi verið sett í þeim tilgangi að vernda trúarleiðtoga sem káfa á börnum. Ólögmæt brottvikning hefði getað kostað himinháar skaðabætur. Sýnir þetta auðvitað betur en nokkuð annað hve brýnt það er að um Þjóðkirkjuna fari að gilda sömu lög og um trúfélög almennt. Hvernig getur kirkja, sem er með öllu úrræðalaus gagnvart siðferðisbrotum þjóna sinna, ætlast til þess að á henni sé tekið mark um siðferðileg álitamál? Ekki þarf að fara í neinar grafgötur með það hvernig brugðist yrði við ef starfsmaður annarrar æskulýðsstarfssemi yrði uppvís að sams konar siðferðisbroti.

Biskup kvað upp sannkallaðan Salómonsúrskurð. Gunnar skyldi halda starfi, en vera falin önnur verkefni, þar sem hæfileikar hans njóta sín og ekki er krafist náinnar umgengni við börn undir lögaldri. Gunnar kaus hins vegar að hrækja á þessa líflínu, sem biskup af mildi sinni varpaði til hans, með því að lýsa því yfir að hann myndi hunsa þessi fyrirmæli. Nú er aðeins hægt að vona að þá lítilsvirðingu, sem Gunnar sýnir persónu biskups Íslands og valdi hans, sem æðsta embættismanns Þjóðkirkjunnar, með viðbrögðum sínum, megi skilgreina sem agabrotið sem svo sárlega vantar á ferilsskrá hans til að hægt sé með lögmætum hætti að svipta hann hempunni í eitt skipti fyrir öll.

Tíu prestar hafa lýst yfir stuðningi við Gunnar í baráttu hans fyrir brauðinu. Það er sorglegt. Enn sorglegra er þó að aðrir prestar Þjóðkirkjunnar, sem telja á annað hundraðið, skuli þegja þunnu hljóði í stað þess að fylkja liði að baki biskupi sínum. Að mínu mati ber þeim tafarlaust að lýsa yfir algjörum stuðningi við biskup í því mikilvæga verkefni sem hann virðist, til allrar hamingju, ætla að taka sér fyrir hendur: Að sýna í verki að Þjóðkirkjan vill að sönnu vera kirkja Krists á jörð en ekki hagsmunagæsla fyrir vígð smámenni.

*Höfundur er við framhaldsnám í guðfræði við Háskóla Íslands.*

# Útistofan – skemmtileg skólastofa

**UMRÆÐAN**

Hermann Valsson skrifar um skólastarf



**HERMANN VALSSON**

Í starfi mínu sem kennari í Norðlingaskóla hef ég notið þeirra forréttinda að taka þátt í þróun útikennslu við skólann. Útikennsla hefur á síðustu árum fengið þó nokkra athygli og eru margir leik- og grunnskólar að tileinka sér vinnubrögð sem henta útikennslu. Vaxandi áhugi á útikennslu er ekki bundinn við Ísland. Við virðumst vera þó nokkrum árum á eftir nágrönnum okkar hvort sem litið er austur til Evrópu til Norðurlanda eða vestur um haf til Bandaríkjanna. Skólar á Íslandi nálgast útikennslu á margvíslegan máta og tekur sú nálgun jafnan mið af þeirri aðstöðu sem er til staðar í nágrenni skólanna. Þessi fjölbreytni í nálgun er líka mikilvæg og í raun fjársjóður í reynslubanka skólastarfs.

Rannsóknir vestan hafs gefa fyrirheit um að útikennsla sé til margra hluta nytsamleg og vekur það sérstaka athygli mína að hún virðist hafa mjög góð áhrif á börn sem stríða við ofvirkni og athyglisbrest (ATHD). Skólar í Reykjavík notast við margar aðferðir til að hjálpa börnum sem eiga við ATHD að stríða en þessar rannsóknir sýna að vinna úti í náttúrunni er enn ein viðbót í þann aðferðabanka.

Í ljósi þessara upplýsinga er vert að staldra við og skoða hvernig hverfi Reykjavíkur eru skipulögð. Við staðsetjum leik- og grunnskóla gjarnan í miðju hverfa. Það gætu verið mistök og spurning hvort Reykjavík ætti ekki að staðsetja leik- og grunnskóla í útjaðri hverfa og greiða þannig börnum aðgengi að fallegri náttúru, sér til gagns og gleði. Skólalóðir þurfa ekki að vera flóknar, eitt tré eða lítill lundur getur verið uppspretta margvíslegra rannsókna og ævintýra fyrir börnin í borginni.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér útikennslu Norðlingaskóla eru hvattir til að heimsækja heimasíðu skólans www.nordlingaskoli.is og ýta á hlekkinn Björnslundur.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Vinstri grænna í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**OKTÓBER** er haldin Októberfest. Bjóðið nokkrum vinum í klassíska þýska veislu með mjúkum saltkringlum, steiktri bratwurst-pylsu með súrkáli og hafa grillaðar plómur og rommrúsínur í eftirrétt. Þessu yrði vitanlega skolað niður með stórri krús af öli.












Dieter Roth smíðaði trédýrin árið 1962. Eyjólfur Pálsson hjá Epal segir mikla möguleika á að tengja íslenskt hráefni við hönnun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jákvæðnin ræður ríkjum

**Eyjólfur Pálsson, forstjóri Epal, vinnur nú að nýsköpun með íslenskt hráefni. Hann hefur nokkur verkefni í burðarliðnum, þar á meðal smíði á trédýrum eftir fyrirmynd listamannsins Dieters Roth.**

„Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi verkefni. Ég hef kynnst mörgu fólki og jákvæðnin ræður ríkjum, sem er mjög mikilvægt,“ segir Eyjólfur Pálsson, húsgagnahönnuður og forstjóri Epal. Septembermánuði eyddi Eyjólfur á Austurlandi til að kanna möguleika á nýsköpun með íslenskt hráefni.

„Þetta hefur lengi verið áhugamál hjá mér og nú hlotnaðist mér tækifæri til að kanna málin til hlítar,“ segir Eyjólfur. „Ég fékk úthlutað fræðimannsíbúðinni í Skriðuklaustri í Fljótsdal og eyddi þar heilum mánuði. Hugmyndin var að skoða íslenskt hráefni og hvernig mögulegt væri að tengja það við hönnun. Þar sem mesta skógræktin er í Hallormsstað þá byrjaði ég á því að skoða tré.“

Í framhaldinu hóf Eyjólfur samstarf við Skógrækt ríkisins. Fyrsta verkefnið er framleiðsla á 120 dýrum úr íslensku lerki eftir fyrirmynd listamannsins Dieters Roth, en hann tengdist Austurlandi og bjó meðal annars á Seyðisfirði síðustu tvö ár ævinnar. „Dieter smíðaði fjögur dýr, kind, kú, hest og svín, árið 1962. Ég hafði því samband við Björn Roth, son Dieters, og honum þótti upplagt að veita okkur leyfi til að búa til fleiri dýr. Svo var ákveðið að fá Hlyn Halldórsson, mikinn völund, til að að smíða dýrin,“ segir Eyjólfur.

Ætlunin er að smíða 120 númeruð dýr af hverri tegund. Fyrstu eintökin eru tilbúin, og segir Eyjólfur að kaupendum gefist kostur á að mála dýrin sjálfir eins og gert var hér áður fyrr. Bráðlega verði haldin sýning á dýrunum. „Þetta er mjög skemmtileg hugmynd og alltaf gaman að endurvekja ýmsa hluti,“ segir Eyjólfur Pálsson.

Auk trédýranna vinnur Eyjólfur að fleiri verkefnum með íslenskan við. Annað er unnið í samvinnu við Skógræktina og snýst samvinnan um að veita ungum hönnuðum tækifæri til að hanna nytjahluti úr íslenskum viði. Hlutirnir verða svo framleiddir á trésmíðaverkstæðum og afraksturinn sýndur á hátíðinni HönnunarMars í Reykjavík.

Í tengslum við þriðja tré-verkefnið mun Eyjólfur fá þrjá unga hönnuði til að búa til sína útgáfu af kolli sem var smíðaður hjá Kaupfélagi Héraðsbúa um miðja síðustu öld.

Að sögn Eyjólfs eru þessi verkefni með íslenskan við einungis blábyrjunin á því sem koma skal. „Ég er að vinna með fleiri hráefni á Austurlandi, eins og hreindýraskinn. Svo er víst nokkuð sem kallast ál sem er unnið í landshlutanum. Ég er einnig að kanna hvernig hægt er að nota það í hönnun. Möguleikarnir eru margir,“ segir Eyjólfur Pálsson.

*kjartan@frettabladid.is*










# ;HEIMILI



**BRÁÐIÐ VAX** getur verið til tómra leiðinda. Góð leið til að ná vaxdropum af borðum er að hita þá í nokkrar sekúndur með hárblásara og skrapa þá síðan af með kreditkorti.





Ekki missa af okkar landsfræga og margrómaða jólahlaðborði.
Síðast komust færri að en vildu.

Á föstudags- og laugardagskvöldum í nóvember og desember er innifalið í verði; Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dansi.
Bjóðum upp á rútuferðir fram og til baka.
Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning handa börnunum, frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.
Sértilboð fyrir hópa á fmmtudagskvöldum.
Tilvalið fyrir vinnustaði, klúbba og félagasamtök.





VEISLUSTAÐUR ALLT ÁRIÐ

Allar helgar til jóla — 4 glæsilegir salir - allt að 350 manns

Uppl. og bókanir í síma **567 2020**

**Skíðaskálinn í Hveradölum**
www.skidaskali.is - skidaskali@skidaskali.is




Upplagt er að mála stofuna í fallegum gráum lit fyrir jólin.



Eitt nýjasta Marimekko-veggfóðrið er að sjálfsögðu í gráum lit.

E 27 kallast þetta einfalda og fallega ljós Svíans Mattiasar Ståhlbom, með grárri snúru. Hægt er að að panta ljósið á síðunni scandinavianobjects.com.

# FÁGAÐIR gráir tónar

**Hönnuðir hafa undanfarna mánuði tekið ástfóstri við gráan lit á ný. Grái liturinn er þó öllu blárri en áður.**

Fyrir nokkrum árum voru gráir tónar afar vinsælir í húsgögnum sem og fatnaði. Nýju lífi hefur verið blásið í vinsældir hins gráa nema að nú er liturinn hinn hárfíni „fágaði“ blágrái tónn.



Eflaust ein krúttlegasta innkaupataska í heimi. Eding:Post hannar töskurnar sem fást í Kisunni. 4.900 kr.



Søga kallast þessi formfagri grái stóll frá IKEA. Verð: 10.950 kr.



Það væri ekki leiðinlegt að eiga Eames bikini-stól. Áhugasömum er bent á danskar uppboðssíður.


**Rauðakrosshúsið**

Allir velkomnir!

# Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagurinn 19. október**

Tekist á við breytingar. 24 stundir. - Kenndar verða aðferðir við að takast á við breytingar á jákvæðan hátt. Lokað! Tími: 12.30-14.30.

Facebook fyrir byrjendur - Prófaðu! Tími: 12.30-14.00.

Markþjálfun fyrir atvinnuleitendur - Á eftir kynningu verður boðið upp á einkatíma. Tími: 14.00-15.30.

Geðheilbrigði og Geðorðin 10 - Fjallað verður um geðheilsu og líðan. Tími: 14.30-15.30.

Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 15.30-17.00.

**Þriðjudagurinn 20. október**

Qi – Gong - Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Við klæðum okkur eftir veðri og göngum rösklega út frá Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.00 -14.00.

Skiptifatamarkaður - Útiföt barna - Komdu og skiptu útifötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Tími: 13.30 -17.00.

Að trúa á sjálfan sig – Ingrid frá Þekkingarmiðlun fjallar um sjálfsálit og hvernig má byggja það upp til að ná betri árangri í lífinu. Tími: 13.30-15.00.

Baujan sjálfstyrking - Fullt! Tími: 15.00 -16.30.

Neyðarvarnir á Íslandi - Hver gerir hvað? Hverjar eru hætturnar? Tími: 15.00 -16.00.

Bænabandið - Bænabönd má finna um allan heim og í helstu trúarbrögðum. Tími: 15.30 -16.30

**Miðvikudagurinn 21. október**

Skiptifatamarkaður - Útiföt barna - Komdu og skiptu fötum. Tími: 12.00 - 13.00.

Tekist á við breytingar. 24 stundir. - Seinni hluti. Lokað! Tími: 12.30-14.30.

Tölvuaðstoð - Fáðu persónulega aðstoð og komdu með eigin tölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Alkemistann eftir Paulo Coelho. Tími: 14.00-15.00.

Línudans - Settu þig í dansstemningu! Tími: 15:30-16:30.

Æðruleysi, kjarkur, vit - Í þessarri viku beinum við sjónum okkar að vitinu. Tími: 15.30-16.30.

**Fimmtudagurinn 22. október**

**Partabílar 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, Peugot 306 '98. Kaupum bíla í niðurrif.

## ÞJÓNUSTA

### Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

### Hreingerningar

Atli Ö þrif & hreinlæti
Hreingerningar
Flutningsþrif
Gólfbónun
Teppahreinsun
Húsgagnahreinsun
Sími: 662 0 662

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Get tekið að mér heimilisþrif. Er vandvirk. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.

### Garðyrkja




**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, laun, vsk-uppgjör o.fl. Viðurkenndur bókari, vönduð vinna. S. 863 3864 og 821 0210.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Húsaviðhald

Steinsteypusögun – Kjarnaborun Múrbrot - Niðurrif
B.B Steinsögun
Bbsteinsogun@simnet.is
Gsm: 896 7579

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**




VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is




Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.




**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

### Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annaliljastracta.com

40% afsláttur af gistingu út október vegna framkvæmda. Reykjavík Bed & Breakfast Grensásvegi 14 s. 588 0000 www.rbb.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Símasala góðir tekjumöguleikar. Vinnutími 17:30 til 21:30 virka daga. S: 868 4551.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til starfa við útrhingingar á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl gefur Ingibjörg í 661 2826 og Elí á elitmi.is

Lækjarbrekka
*Alltaf sígild - Alltaf ljúf*

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Steinunn, 865 5146 milli 10-12 og 14-17 eða steinunn@laekjarbrekka.is**

Óskum eftir vönum söluaðla í tímabundið úthringiverkefni, árangurstengd laun. Uppl. í s. 517 6030 eða halldordd.is

Saffran Dalvegi er í leit af þjónustu fólki með reynslu, um er að ræða vaktstjórn á kvöldin og um helgar. Eingöngu 24 og eldri koma til greina. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir sendist á haukursaffran.is

STÖRF.IS Að jafnaði um 400 auglýst störf á www.storf.is.

**Yndislegar símadömur ó**
Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar. Frjáls vinnutími. Aldur 25+. Nánar á www.RaudaTorgid.is.

**Starfskraftur óskast**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Vanur beitningarmaður óskar eftir vinnu á höfuðborgarsvæðinu s.8916976

Tek að mér öll þrif á heimili.Sími 8630615

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Nytjamarkaður til styrktar ABC barnahjálp og kærleikans, Skútuvogi 11a**
**Til sölu bæði nýtt og notað, t.d föt, húsgögn og fleira. Föt 50 kr - 1200.- Einnig gefins föt. Húsgögn frá 200-15þ.**
**Tökum á móti öllum hluti. Opið virka daga frá 12-18.**
**S. 520 5500.**

## Einkamál



**Samkynhn. KK ath.**
Á Rauða Torginu Stefnumót er mikið um nýjar auglýsingar samkynhneigðra karla. Þú auglýsir frítt í s. 535-9923 en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 eða 535-9920.



**Leitar þú ævintýra?**
Notaðu Rauða Torgið Stefnumót eins og tugir kvenna sem leita ævintýra! Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar heyra og svara auglýsingum kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Óska eftir að kynnast reglusamri, sjálfstæðri góðri konu. 55-65 ára. Hef ýmis áhugamál. Tilboð merkt sjálfsstæður.









# Ruslið í ríkinu

UMRÆÐAN
Haukur Már Helgason skrifar um málefni innflytjenda


HAUKUR MÁR HELGASON

Rusl er merkilegt orð. Annars vegar vísar það til þeirra hluta sem hafa misst gildi sitt, notagildi eða annað, og eru orðnir óþarfir. Benda má og spyrja: Er þetta rusl? Ef svarið er já, hvað er þá, hins vegar, gert við það? Því er hent í ruslið. Þar er hin merking orðsins – staðurinn fyrir það sem hefur misst gildi sitt.

Reyndar er ofmælt að það sé staður – ruslið er frekar staðleysa, gat á heiminum, út úr honum. Það sem er sett í ruslið á ekki að snúa þaðan aftur. Þorra fólks finnst ekki geðslegt að borða matvæli sem hent hefur verið í ruslið, hvort sem þau eru heil eða ekki. Það sem hefur verið fært yfir mörkin, í ruslið, á þaðan í frá ekki að láta bæra á sér á heimilinu. Hvort það verður urðað, brennt eða endurunnið gildir einu, bara að það snúi ekki aftur. Þannig lagði víst kona í Reykjavík, ekki fyrir löngu, fram kæru þegar hún sá alheilt reiðhjól sem hún hafði hent í ruslið – já, þetta var þá líklega í góðærinu – snúa aftur undir rassinum á ókunnugu fólki. Maður vill ekki hafa svona lagað.

Auðvitað hættir rusl ekki að vera til, þó það sé sett í körfu, lúgu og tunnu. Það er sótt af starfsmönnum sem aka því um og koma því fyrir þar sem minnst má gera úr því. Og þó það sé brennt stígur af því reykur. Honum er blásið kannski burt á haf út hér af eynni en snýr víst alltaf aftur einhvern veginn, einhvern daginn. Það er lúga í blokkinni og það er púströr á bílnum en það er ekkert gat á heiminum.

Nú hefur íslenska ríkið enn einu sinni ákveðið að fara út með ruslið. Menn hafa ráðfært sig hver við annan, bent og spurt: Er þetta rusl? Og þeir hafa litið í bækur, kinkað kolli hver við öðrum og sagt já. Þetta er rusl. Mister Proper kom sem endranær eins og brosandi stormsveipur inn á heimilið og hrifsaði með sér draslið: þrjá karlmenn sem heita Nour, Mohamed og Mohamed.

Ég hafði enga grein gert mér fyrir þessu. Ég hélt að Nour væri andskoti efnilegur 19 ára gamall piltur með staðfast augnaráð og áhuga á tónlist. Svolítið glysgjarn kannski. Svo reyndist hann bara vera rusl. Og nú eru yfirvöld búin að setja hann á sinn stað, í rennuna.

**Ein saga**

Nour-aldin Al-azzawi er fæddur 1990 í Írak. Árið 2003 var faðir hans myrtur af uppreisnarmönnum fyrir að starfa sem túlkur fyrir Bandaríkjaher. Unglingurinn Nour var pyndaður í fjóra daga samfleytt af þeim hópum. Hann flúði með móður sinni og tveimur systkinum til Sýrlands. Þau héldu þaðan gegnum Tyrkland til Grikklands, í von um hæli í Evrópu. Lögreglan geymdi þau þar í opnu skýli í níu daga. Þau fóru til Belgíu þar sem elsti sonurinn bjó þegar. Eftir þrjá mánuði þar var þeim vísað aftur til Grikklands, hverju í sínu lagi. Neyra, systir Nours, þá 19 ára, var afklædd af lögreglu, leitað á henni, hún svo send bundin á höndum og fótum í flugvél. Lögreglumenn tróðu tusku upp í hana svo hún hætti að gráta í flugvélinni. Í Grikklandi voru þau geymd í tíu daga í fangelsi, svo leyft að velja hvort þau sneru aftur til Íraks eða væru áfram í Grikklandi – en án dvalarleyfa, atvinnuleyfis eða annarra réttinda. Mæðgurnar héldu til Sýrlands. Bróðir Nour varð eftir, pappírslaus, í Grikklandi. Nour ákvað að halda til Kanada, því kæmist hann út fyrir Schengen-svæðið yrði honum ekki vísað til Grikklands. Á Íslandi var hann hins vegar stöðvaður fyrir að vera með fölsk skilríki. Þá sótti hann um hæli hér. Hann hafði dvalið á Íslandi í rúmt ár, eignast marga vini og var kominn með starf á veitingastað, þegar lögreglan mætti á heimili hans um miðja nótt og tilkynnti honum að nú yrði hann settur aftur í ruslið.

**Í skjóli nætur**

Nour bað um að fá að sækja launin sín á vinnustað áður en hann færi. Nei. Birgitta Jónsdóttir þingmaður bað dómsmálaráðherra um 15 daga frest, eins og nefnd ráðuneytisins sjálfs hefur mælst til að verði veittur við brottvikningu. Nei. Birgitta bað um að Nour fengi að halda símanum sínum svo hann gæti haldið sambandi við vini sína. Nei. Allar þessar litlu ákvarðanir eru jafn rökstuðningslausar og sá stóri dómur að strákurinn sé rusl. Eina réttlæting þeirra: Þetta má.

Því er víða logið um þessar mundir að yfirvöldum beri lagaleg skylda til að vísa Nour úr landi. Það er ekki rétt. Útlendingalög eru sneisafull af heimildum, en fátæk af skyldum. Þetta þarf ekki, en það má.

Þeim rógi er haldið á lofti að þarna sé glæpamönnum haldið frá landinu. Nei, þetta eru ekki glæpamenn.

Óskhyggja fær suma til að álykta að aðstæður og meðferð mála í Grikklandi hljóti að vera viðunandi fyrst menn eru sendir þangað. Nei. Sameinuðu þjóðirnar og Rauði krossinn þrábiðja ríkisstjórnir að hætta sendingum þangað.

Þeir sem neita að hlusta á gagnrýni á þessa útfararstefnu, að henda fólki í ruslið þegar það má, sýna af sér háskalega undirgefni.

**Endurunnið, urðað eða brennt?**

Við hvorki vitum um afdrif þess sem við hendum í ruslið né viljum þekkja þau. Við vitum að ruslið fer á illa lyktandi og þröngan stað, því er kastað til og frá – en hvort sem það er endurunnið, urðað eða brennt, skiptir mestu að það fari, þvælist ekki lengur fyrir. Nour flúði hingað undan stríðinu í Írak. Íslenska ríkið átti þátt í að hefja það stríð – en hvað var það líka nema svolítil sorphirðuframkvæmd? Já, Nour komst undan sorphirðunni, en ekki lengi. Aftur í lúguna með strákinn. Það er alls ekki nákvæmt að kalla það morð – hver veit hvað Nour fær að húrra lengi um rennuna og bíða lengi í tunnunni áður en hann verður sóttur. Og hver veit hvort ofninn verður í gangi? Hver veit nema einhver gramsi í ruslinu, rekist á Nour og finni not fyrir hann?

Tveir aðrir voru sendir burt um leið og Nour, menn frá Írak og Afganistan. Þeir heita báðir Mohamed. Það er víst meira en nóg af Múhammeðum fyrir. Sá fjórði sem átti að henda, Wali-Safi, er nú í felum, reynir að sleppa. Eins gott að vinstri stjórnin standi sig í sorphirðunni. Það er ekki á það bætandi í kreppunni.

*Höfundur er rithöfundur.*



**AUÐUR AUÐUNS (1911-1999) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég er alin upp í borgaralegum hugsunarhætti eins og hann gerist bestur og fellur hann saman við stefnuyfirlýsingu míns flokks, Sjálfstæðisflokksins. Hann felst í virðingunni fyrir einstaklingnum og frjálsræði hans og þeirri ábyrgðartilfinningu, sem hver einstaklingur þarf að hafa.“*

***Auður Auðuns var lögfræðingur, borgarstjóri í Reykjavík og ráðherra.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. OKTÓBER 1918

## *Spænska veikin berst til Íslands*

Spænska veikin var inflúensufaraldur sem gekk yfir heiminn árin 1918-19. Veirustofninn heitir H1N1 innan inflúensu af A-stofni. Spænska veikin er mannskæðasta farsótt sem sögur fara af. Talið er að fimmtíu milljónir manna hafi dáið af völdum hennar.

Veikin er talin hafa borist til Íslands með skipunum Botníu frá Kaupmannahöfn og Willemoes frá Bandaríkjunum 19. október 1918, sama dag og sambandslagasamningurinn um fullveldi Íslands var samþykktur.

Veikinni fylgdi lungnabólga og létust menn oft innan tveggja daga eftir að sóttarinnar varð vart.



Í byrjun nóvember höfðu margir tekið sóttina og þá er fyrsta dauðsfallið skráð. Miðvikudaginn 6. nóvember er talið að þriðjungur Reykvíkinga hafi verið orðinn veikur. Fimm dögum síðar er talið að tveir þriðju íbúa höfuðborgarinnar hafi verið rúmfastir. Allt athafnalíf lamaðist í Reykjavík. Talið er að 484 Íslendingar hafi látist úr spænsku veikinni, þar af 258 í Reykjavík. Hinn 20. nóvember voru þeir sem létust í sóttinni jarðsettir í fjöldagrafreitum. Þá var veikin tekin að réna.

## MERKISATBURÐIR

**1453** Hundrað ára stríðinu lýkur þegar Frakkar ná aftur Bordeaux. Englendingar halda Calais í Frakklandi.

**1898** Í Reykjavík er vígt timburhús fyrir Barnaskóla Reykjavíkur sem síðar fær nafnið Miðbæjarskólinn. Timbur er valið sem helsti efniviður hússins vegna ótta manna við að steinhús kunni að hrynja í jarðskjálfta.

**1969** Stytta af Ólafi Thors forsætisráðherra eftir Sigurjón Ólafsson er vígð framan við Ráðherrabústaðinn í Reykjavík.

**2005** Réttarhöld hefjast yfir Saddam Hussein.

**2007** Ný heildarþýðing Biblíunnar kemur út, Biblía 21. aldar.

## AFMÆLI



**HEIKKI KOVALAINEN** kappakstursmaður er 28 ára.



**EVANDER HOLYFIELD** hnefaleikakappi er 47 ára.

**SVEINN GEIRSSON** leikari er 37 ára.



**PATRICIA IRELAND,** kvenréttindakona og lögmaður, er 64 ára.



**BJARNI HARÐARSON BÓKSALI:** SENDIR FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU SKÁLDSÖGU

# Studdist við líf langömmu

Frumraun Bjarna Harðarsonar, bóksala á Selfossi og fyrrverandi þingmanns, í skáldsagnagerð er nú á leið í verslanir. Bókin nefnist Svo skal dansa en í henni styðst Bjarni við ævi langömmu sinnar Sesselju Helgadóttur og kvenna sem henni tengdust. „Hún, dóttir hennar og dóttir hennar áttu það allar sammerkt að alast upp í sárri fátækt og þurfa að láta frá sér börnin og halda svo áfram erfiðri lífsbaráttu,“ segir Bjarni um efni bókarinnar.

Frásögnin er sögð í fyrstu persónu og af konu og eins og nærri má geta þótti Selfyssingnum Bjarna það afar ögrandi verkefni að setja sig inn í hugarheim fátækrar konu austur á fjörðum.

Dramatískari verða viðfangsefni höfunda vart og fáir menn eru fróðari en Bjarni um lífið á Íslandi. Frásögnin ætti því að henta breiðum hópi lesenda. Söguna segir hann einnig vera skáldsögu um kvenréttindabaráttu, án þess þó að vera bundna hefðbundnum hugtökum úr stéttabaráttunni.

Bjarni segir heimildir um ævi þessara kvenna heldur fátæklegar. Stóran hluta sögunnar skáldaði hann en annað byggði hann á þeim heimildum og frásögnum sem fyrir hendi voru. Hann hafi því lengi safnað í sarpinn áður en hann réðst í ritun sögunnar. Flest hafi hann fengið að vita hjá ömmubróður sínum.

„Hann var einn af þessum mönnum sem aldrei voru annað en vinnumenn á sveitabæ. Kom níu ára gamall á sveitabæ sem hreppsómagi og fór þaðan tæplega sjötugur til að deyja á sjúkrahúsi. Hann var skemmtilegur sagnamaður og kveikti í mér með þessari sögu,“ segir Bjarni. Hann segist hafa heyrt frásögn ömmubróður síns í kringum 1980 og því hafi saga langömmu hans lengi gerjast innra með honum. Það tók hann því ekki langan tíma að raða saman beinagrindinni á skáldsögunni.

„Ég byrjaði í janúar og setti saman uppkast á örfáum nóttum. Ég hef svo verið að hamra þetta saman, bæta og breyta allt þetta ár,“ segir Bjarni. Hann segist þó vilja að aðrir en hann dæmi um hvernig til hafi tekist.

**karen@frettabladid.is**



**TEKST Á VIÐ ÖGRANDI VERKEFNI** Bjarni Harðarson, bóksali og fyrrverandi þingmaður, setti sig inn í hugarheim langömmu sinnar og kvenna sem henni tengdust sem allar fóru í gegnum lífið í sárri fátækt og þurftu að gefa frá sér börn sín. MYND/EGILL BJARNASON



†

*Kær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Erla Jónsdóttir**
Hjarðarhlíð 5, Egilsstöðum,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 14. okt. sl., verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 22. okt. klukkan 11.

**Völundur Jóhannesson**
**Anna Ósk Völundardóttir Tryggvi Ólafsson**
**Harpa Völundardóttir Kristján Guðmundsson**
**Bjarni Óskar og Matja Dise, Guðný Vala, Eyrún Anna, Elín Lára og Ívar**
**Ólafur Gunnar og Völundur Ingi**
**Sigrún Björg, Ásgeir Örn og Ólöf Harpa.**



†

*Okkar ástkæri*

**Zakarías Hólm Hjartarson**
fv.deildarstjóri Tollgæslunnar í Keflavík,
Grænumörk 2, Selfossi,

andaðist fimmtudaginn 15. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 23. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét Jónsdóttir.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,*

**Pétur Björnsson**
Vesturgötu 158, Akranesi,

lést 12. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 22. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning í Landsbankanum á Akranesi, 0186 05 068900 kt. 110856 2459.

**Ásdís Gunnarsdóttir**
**Gylfi Pétursson Selma M. Arnardóttir**
**Gunnar Örn Pétursson Jóhanna Bjarnarson**
**Bjarki Þór Pétursson**
**Sigurður Ásbjörn Pétursson Sólrún Perla Garðarsdóttir**
**Sigríður Pétursdóttir**
**og afabörn.**



†

*Elskulegur faðir minn, bróðir okkar og mágur,*

**Guðjón Sigurðsson**
Eskihlíð 26, Reykjavík,

er lést þriðjudaginn 6. október sl. verður jarðsunginn mánudaginn 19. október kl. 13.00 frá Garðakirkju, Álftanesi.

**Anna Björg Guðjónsdóttir**
**Rafn Sigurðsson Guðrún Nielsen**
**Jónfríður Sigurðardóttir Ólafur Nielsen**
**Guðmunda Lilja Sigvaldadóttir Helga Nielsen**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Valtýs Jónassonar**
frá Siglufirði.

Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jónas Valtýsson Vigdís Sigríður Sverrisdóttir**
**Guðrún Valtýsdóttir**
**Baldvin Valtýsson Laufey Ása Njálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Jónsdóttir**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 20. október kl. 15.00.

**Pálína Oswald Edward Pétur Ólafsson**
**Kristján Andreas Ágústsson Bryndís Konráðsdóttir**
**Jón Frímann Ágústsson Hallfríður Ólafsdóttir**
**Þórður Ágústsson Anne S. Svensson**
**Guðríður Ágústsdóttir Gunnlaugur Kr. Gunnlaugsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar og frændi,*

**Gunnar H. Ólafsson**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 11. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 20. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Slysavarnafélag Íslands.

**Gyða Ólafsdóttir**
**Ásta Ólafsdóttir Beck**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**




# Flúið undan Airwaves



NOKKUR ORÐ

Þórunn Elísabet Bogadóttir

Undir venjulegum kringumstæðum hefði þessi pistill fjallað um Airwaves, og för mína og upplifun af hátíðinni. En svo er ekki þetta árið. Nei, ég vaknaði nefnilega með flensu á fyrsta degi hátíðarinnar. Ég hafði verið slöpp tvo daga þar á undan, en þennan morgun var ég virkilega orðin veik. Þrátt fyrir að líðan mín versnaði eftir því sem leið á daginn vildi ég ekki leggja árar í bát strax. Ég reyndi allt sem í mínu valdi stóð til að hindra veikindin í að ná tökum á mér og ég íhugaði líka alvarlega að reyna bara að harka þetta af mér og drífa mig á tónleika. Þó varð það ofan á að sleppa fyrsta kvöldinu og sofa úr mér veikindin.

Ég fór snemma að sofa en vaknaði eitthvað upp úr klukkan eitt. Við lætin frá miðbænum og skemmtistöðunum. Þó að ég búi í tveggja mínútna fjarlægð frá fjölda skemmtistaða hefur það aldrei nokkurn tímann haldið fyrir mér vöku. Kannski var hávaðinn meiri í þetta skiptið, eða kannski var þetta bara í fyrsta skipti sem ég tók ekki þátt í honum sjálf. Hvort sem það var gat ég að minnsta kosti ekki sofið. Á fimmtudagsmorgun var orðið ljóst að ég myndi ekki hressast í tæka tíð og ekki gat ég hugsað mér að liggja veik inni hjá mér og heyra í Airwaves-gleðinni alla helgina. Ég seldi miðann minn, flúði heim til foreldra minna og hef ekki farið út úr húsi síðan. Þó hún hafi verið öðruvísi en lagt var upp með mun þessi helgi örugglega ekki gleymast í bráð.

**Á fimmtudagsmorgun var orðið ljóst að ég myndi ekki hressast í tæka tíð og ekki gat ég hugsað mér að liggja veik inni hjá mér og heyra í Airwaves-gleðinni alla helgina**

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









Tónlist ★★★

**Reyndu aftur**

Magnús Eiríksson ásamt hljómsveitinni Buff

## Gamlir góðir vinir



Óþarfi er að tíunda kosti þeirra lagasmíða Magga Eiríks sem hér eru sett í nýjan búning. Í raun hefði lagavalið mátt vera djarfara, því á ferilskránni leynast margfalt fleiri perlur en meðal „best of“-plata er til vitnis um. Líkt og í stórskemmtilegu æviágripi Magnúsar svífur laufléttur kæruleysisbragur yfir plötunni og spilagleðin blívur.

Eins og títt er með ábreiðuplötur tekst best til þegar hendurnar eru frjálsastar. Kunnuglegri laglínu Gleðibankans er keyrt ofan í nýjan hljómagang og brugðið á hálfgerða þjóðlagaröddun, og útkoman er stórskemmtileg. Ég er á leiðinni virkar vel í suðrænum stíl og útsetning Samferða fer langt með að taka fyrirmyndinni fram. Annars staðar, eins og í Gamli góði vinur og Ó þú, er hlustendum akkur í að höfundurinn sjálfur syngi lögin sem hingað til hafa ómað úr börkum annarra, því rödd Magnúsar býr yfir mikilli hlýju og persónuleika. Sönn ást (rangnefnt Hin eina sanna ást á umslagi) og Einhvers staðar einhvern tíma aftur skortir heldur kraftinn, á meðan Kóngur einn dag og Ómissandi fólk bæta litlu sem engu við upprunalegu útgáfurnar.

Verkefnið hentar Buffinu. Hljóðfæraleikur er hnökralaus og aðalsmerkin, flipp og fínar raddanir, eru notuð spar- og smekklegar. Ágætis skemmtun.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Frábærar lagasmíðar í nokkuð góðum höndum.

# Glæsilegustu Frostrósirnar til þessa

Hinir vinsælu jólatónleikar Frostrósa verða haldnir í desember áttunda árið í röð. Samúel Kristjánsson, forsvarsmaður tónleikanna, segir að hvergi verði dregið úr glæsileikanum í ár. „Við stefnum að því að halda veglegustu tónleikana til þessa. Við erum að gera nýja sviðsmynd og þetta verður með miklum glæsibrag. Helstu lögin verða með en kannski verður meira af þekktari jólalögum en áður. Þetta verður enn þá meira fyrir alla,“ segir hann.



**SAMÚEL KRISTJÁNSSON** Heldur Frostrósatónleika, áttundu jólin í röð.

Ljóst er að helstu kanónur síðustu ára verða áfram meðal flytjenda, þau Margrét Eir, Garðar Thor Cortes, Hera Björk og Jóhann Friðgeir. Einnig verður Guðrún Gunnarsdóttir í fyrsta skipti meðal íslensku dívanna auk þess sem Ragnhildur Gísladóttir verður aftur með eftir þriggja ára hlé.

Jólatónleikar Frostrósa verða í Höllinni á Akureyri 6. desember og í Laugardalshöll 12. desember. Einnig fer stór hluti söngvara og hljómsveita víðar um landið eins og tvö síðustu ár.

Frostrósatónleikarnir eru orðnir fastur liður í jólaundirbúningi þúsunda Íslendinga, enda með aðsóknarmestu tónleikum landsins síðustu árin. Kemur því ekki á óvart að stór safnpakki er væntanlegur sem inniheldur allar útgáfur Frostrósa frá upphafi, alls fimm plötur og tvo mynddiska. **- fb**



**MARGRÉT EIR** Margrét Eir er eina söngkonan sem hefur verið í hópi íslensku dívanna frá upphafi.



**TOM WAITS** Ný tónleikaplata frá Tom Waits er væntanleg 24. nóvember.

## Tom Waits á tónleikum

**Ný tvöföld tónleikaplata Tom Waits, Glitter and Doom, kemur út 24. nóvember. Platan var tekin upp á samnefndri tónleikaferð Waits sem hann fór í á síðasta ári og heppnaðist mjög vel. Á fyrri disknum eru lög af tíu tónleikum kappans en á þeim síðari er eitt langt lag sem heitir Tom Tales þar sem hann lætur móðan mása eins og honum einum er lagið. Á heimasíðu Waits er hægt að fá átta lög af plötunni ókeypis til niðurhals. Þrjú ár eru liðin síðan síðasta plata Waits kom út, Orphans: Brawlers, Bawlers & Bastards.**


vísir.is
„...ég sá það á vísi“





> GIFT KYNLÍFSFINGRUM

Söngdívan **Mariah Carey** hélt upp á afmæli Nicks Cannon, eiginmann síns, í Las Vegas í síðustu viku. Carey keypti gómsæta köku handa honum, en áletrunin stal senunni. „Happy Birthday DJ Sex Fingers" stóð á kökunni, sem útleggst á íslensku: „Til hamingju með afmælið, DJ Kynlífsfingur."



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Geimfari verður skipstjóri

„Mig hefur langað til að sigla skútum og svona frá því að ég var krakki en ég hef aldrei þorað því," segir hönnunarneminn Karl Ingi Karlsson.

Karl var kallaður Kalli geimfari þegar hann var í hljómsveitinni Dáðadrengjum, sem naut mikilla vinsælda þegar hún starfaði. Nú getur hann tekið upp nýtt viðurnefni þar sem hann hefur lokið bóklegum hluta skemmtibátaprófs, sem er eins konar litli bróðir pungaprófsins. Geimfarinn verður því brátt skipstjóri.

„Ég ætla að sigla út um allt, ég held að það sé eina vitið," segir Karl, sem ætlar að ljúka verklega hluta prófsins í vor. Hann er á síðasta ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands og segist ætla að gefa sjálfum sér skemmtibátaprófið í verðlaun þegar námið klárast.

Spurður hvort hann ætli að kaupa sér bát segir hann að það hljóti að koma að því. „Eða smíða bát. Er það ekki rómantískara?"

En hvaðan kom innblásturinn til að gerast sonur hafsins?

„Ég held að það hafi verið frá Tinnabókum og Lego-sjóræningjaskipum."



**BLÓÐUGUR KAPTEINN** Karl tók upp á ýmsu með hljómsveitinni Dáðadrengjum, en stefnir nú að því að verða virðulegur skipstjóri.

Tónlist ★★★★

**Disaster songs**

Hallur Ingólfsson og Halldóra Malín Pétursdóttir



## Frábær ömurð

Hall Ingólfsson sá maður fyrst tromma í Ham. Eftir það fór hann í hefðbundnara þungarokk og gerir enn út hljómsveitina XIII. Síðustu árin hefur hann einnig búið til tónlist fyrir leikverk og danssýningar. Hallur er flinkur og klár og getur brugðið sér í alls konar hlutverk. Disaster songs varð til þegar hann langaði til að gera plötu sem fjallar um ömurlegar aðstæður frá A til Ö. Hann heyrði Halldóru syngja í brúðkaupi og dreif hana í samstarfið. Þau syngja saman eða hvort í sínu lagi. Lögin eru snotur og minna á ýmislegt án þess að herma eftir. Maður heyrir í Mazzy star, My Bloody Valentine, Velvet Underground með koxaða Nico í frontinum, Julee Cruise í loftrými með David Lynch og yngra dót eins og Air og Portishead ómar á kantinum. Áferðin á plötunni er draumkennd, falleg og svöl. Heildarsvipurinn er þó dálítið mottulegur, það er að segja heildin er dálítið flöt. Þótt þetta sé allt geypilega flott þá hefði verið enn betra ef eitthvert lag eða lög hefðu rifið sig úr snoturri mottunni og límst af alefli við heilann á manni. Það vantar sem sé hittara. Textarnir eru á ensku og fara inn um annað og út um hitt. Ég er ekki að kveikja sérstaklega á allri ömurðinni sem Hallur vildi fjalla um.

Niðurstaðan er þó sú að Disaster songs er einhver flottasta plata ársins. Héðan í frá ætti tónlistaráhugafólk að gefa Halli og Halldóru góðan gaum.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Mjög flott plata sem vantar bara hittara til að verða enn betri.

# Íslenska sveitin stal senunni

**Gestir á Iceland Airwaves voru engan veginn búnir að fá nóg af tónlist á föstudagskvöldið. Anna Margrét Björnsson flakkaði á milli staða.**



**STUÐ Á LISTASAFNINU** Michachu & the Shapes hélt uppi stuðinu í Listasafni Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

Þetta árið var lítið um stór bönd á Airwaves sem allir hreinlega „urðu" að sjá. Það voru engir Kills eða Juliette and the Licks eða CSS fyrri ára heldur nokkur minna „hæpuð" bönd sem er auðvitað fínt enda á hátíðin einmitt að snúast um að kynna nýja og spennandi hluti. Hljómsveitin The Drums í Hafnarhúsinu er hljómsveit sem hefur þó fengið töluverða kynningu vestanhafs og hefur fengið glimrandi dóma í bandarísku pressunni. Mig langaði að sjá sveitina þar sem ég hafði heyrt að tónlist hennar væri dálítið eins og Ian Curtis ekki þunglyndur heldur hress og í sörfbandi.

Hljómsveitarmeðlimir The Drums skoppuðu á svið með tambúrínu og tvær gógópíur en hófust svo handa við að leika tónlist sem minnti óþægilega mikið á Franz Ferdinand. Er það sánd ekki dálítið búið? Reyndar hljómuðu þeir líka eins og þeir hefðu fengið eitt Cure-lag að láni og gert sjö útgáfur af því með einhverju flippuðu ívafi. Söngvari hljómsveitarinnar skók sig á sviðinu með tilheyrandi handahreyfingum, eflaust til að vera alveg eins og Ian heitinn Curtis, tambúrínugaurinn hoppaði um sviðið og allir voru geðveikt hressir á því. Eitthvað við sviðsframkomuna þeirra minnti á strákana í Jakobínurínu fyrir nokkrum árum nema að í þessu tilfelli leit þetta allt út eins og tilgerð. Ég velti fyrir mér hvort undir niðri gæti kannski eitthvað verið spunnið í þá í The Drums ef þeir bara hættu að reyna að vera svona flippaðir og færu meira í áttina að hinum augljósu áhrifavöldum, The Cure og Joy Division. Það var vandræðalega augljóst að bassinn og hljómborðið voru á stífu „playback". Slíkt er alls ekkert slæmt ef maður vinnur með það á skemmtilegan máta en þarna hljómaði þetta bara eins og það hefði vantað tvo tónlistarmenn upp á svið. Sem sagt ekkert nýtt og spennandi á ferð með The Drums, bara fullt af dóti sem við höfum öll heyrt áður hent saman á pirrandi hátt.

Á Nasa stigu Danirnir When Saints go Machine á svið en þeir hafa einnig fengið talsverða umfjöllun. Danir eiga örfá fyrirtaks rokkbönd eins og hið sáluga Dyreförsög og hin yndislegu Raveonettes en aðallega eiga þeir ósköpin öll af einhvers konar hljómsveitum sem spila bara lög eftir aðra. When Saints Go Machine var gott dæmi um þetta og var eins og sambland af Depeche Mode og Duran Duran. Slík blanda af teknóstuði frá níunda áratugnum er dansvæn en skilur lítið eftir sig. Næsta sveit sem ég sá stíga á svið á Nasa var rafsveitin The Field, en þar er á ferð Svíinn Alex Willner með flott teknódrón sem fangaði mann frá byrjun með stigmögnuðum einföldum hrynjanda. Það var mjög skemmtilegt að sjá teknóband með alvöru bassaleikara og trommara sem skaut rokkþáttum inn í tónlistina. Fyrsta lagið þeirra hljómaði næstum eins og einhvers konar „feedback"-brjálæði frá The Jesus and Mary Chain eða My Bloody Valentine sett í teknóbúning. Töff.

Íslensku hljómsveitina Sudden Weather Change sá ég í fyrsta sinn spila núna á Airwaves og bar hún höfuð og herðar yfir allt annað sem ég sá þetta kvöldið. Grípandi gítarar, mögnuð sviðsframkoma og einstaklega heiðarlegt „sánd". Sudden Weather Change er dæmi um hljómsveit sem er ekkert að fela áhrifavalda sína, veit hvaðan hún kemur tónlistarlega séð og kann að vinna með því, ólíkt til dæmis The Drums. Það er skemmtilegt að sjá íslenska hljómsveit sækja beint til bandaríska jaðarrokksveita eins og Sonic Youth, At the Drive In og jafnvel Blonde Redhead. Hún minnti á köflum líka á íslensku póstrokk sveitina Kimono. Sudden Weather Change tekst þó mjög vel að setja sín eigin einkenni á tónlistina og ég ætla beint út í búð eftir helgi til að kaupa mér plötuna þeirra.

VIKA 43
18. - 25. OKTÓBER
VÍMUVARNAVIKA 2009
www.vvv.is
Kannabis
afleiðingar og umfang
Morgunverðarfundur á GRAND hótel þriðjudaginn 20. okt. kl. 8.15 - 10.00
Fyrir fagfólk, foreldra og annað áhugafólk um vímuefnamál
SKRÁNINGAR:
www.naumattum.is
VÍMUVARNAVIKA 2009
SAMTAKAMÁTTUR SKILAR MESTU
Bandalag Íslenskra skáta- Brautin - bindindisfélag ökumanna - FÍÆT - félag Íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa - FRÆ - Heimili og skóli - IOGT á Íslandi ÍSÍ - ÍUT-forvarnir - KFUM-K - Krabbameinsfélag Reykjavíkur - Kvenfélagasamband Íslands - Samstarf um forvarnir SAMFO - SAMFÉS - Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum - Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB - UMFÍ VÍMULAUS ÆSKA - Foreldrahús - Vernd - fangahjálp

GILDI lífeyrissjóður
Sjóðfélagafundur
Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel mánudaginn 26. október 2009 kl. 17.30.
Dagskrá fundarins:
1. Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.
2. Staða sjóðsins.
3. Samskipta- og siðareglur.
4. Atvinna og enduruppbygging.
5. Umræður og fyrirspurnir.
Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.
Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.
GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

# ÍBÚAR ÍSLANDS:

Innan skamms ætlum við heimsækja ykkur. Bráðlega munið þið kynnast okkur. Við getum aðeins sagt að við erum hundrað manns sem langar að heimsækja allt landið og ætlum að halda mikinn fagnað með ykkur næsta miðvikudag, 21. október. Fljótlega heyrið þið meira frá okkur.






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |
| 9 | kl. 6 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6, 9 og 10.10 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GAMER | kl. 5:50 - 8D - 10:10D | 16 |
| GAMER | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6D | L |
| FAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SURROGATES | kl. 6 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 10:40 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

LIVE TÓNLEIKAR Í BÍÓ MEÐ ROBBIE WILLIAMS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GAMER | kl.8:15D - 10:20D | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6D | L |
| FAME | kl. 8:10D | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SKELLIBJALLA OG TÝNDI FJÁRSJÓÐURINN | kl 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 6 | L |
| FAME | kl. 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 10.15 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 7 - 9 - 11 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 10.20 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 -10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER´S BODY | kl. 10.20 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |




# GLEÐIN NÁÐI HÁMARKI

**Fjölbreytt tónlistaratriði og glaðir tónleikagestir einkenndu Iceland Airwaves-hátíðina á laugardagskvöldið. Trausti Júlíusson flakkaði á milli staða og fylgdist með.**


**HÁPUNKTUR** Páll Óskar og Hjaltalín gerðu allt vitlaust á Listasafninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

Kvöldið hófst í Hafnarhúsinu með Vancouver-sveitinni Brasstronaut. Það voru frekar fáir mættir, en stemningin góð og eftir því sem leið á dagskrána þéttist hópurinn. Brasstronaut er gott dæmi um hljómsveit sem blandar saman ólíkum tónlistarstefnum með góðum árangri. Rokk, soul, djass og smá klassík. Næst var stefnan tekin á Nasa þar sem hljómsveitin Feldberg spilaði efni af væntanlegri plötu. Flott popp, enda Eberg einn af lunknari poppsmiðum Íslands og Rósa frábær söngkona. Eftir nokkur lög tók ég samt stefnuna á Batteríið þar sem Ghostigital var að ofhita hljóðkerfið. Það kemur ekkert í staðinn fyrir Ghostigital og maður verður að fá skammtinn sinn. Mjög flott sett hjá þeim og Einar Örn í miklu stuði – „blindur og heyrnarlaus".

Það var fámennt en góðmennt í Hressótjaldinu þar sem einsmannssveitin Napoleon IIIrd spilaði sitt skemmtilega bjagaða lo-fi andhetjurokk. Gaman að því. Það var fjölmennara í Iðnó þar sem últra yfirvegaður Egill Sæbjörnsson spilaði með hljómsveitinni sinni, sem er Hjálmar að uppistöðu. Þægileg stemning.

Eitt af einkennum Airwaves 2009 er mikill fjöldi af hljómsveitum frá Norðurlöndunum. Á Nasa spilaði norska sveitin BC sína drungalegu Joy Division-lituðu raftónlist falin á bak við hálfgagnsætt tjald sem varpað var myndefni á. Flott sviðsmynd, en tónlistina vantaði dýpt. Önnur norsk sveit The Megaphonic Thrift var næst á svið á Batteríinu og þar vantaði ekkert. Drulluþétt hávaðakeyrsla í ætt við Sonic Youth. Eitt af bestu atriðum Airwaves 2009. Í Hafnarhúsinu var svo kominn tími hinnar 23 ára gömlu Anitu Blay sem kallar sin Thekocknbullkid. Hún skilaði sínu vel. Greinilega hæfileikarík tónlistarkona sem gæti vel náð langt. Flott lög og textar og góður söngur.

Það kom í hlut ofurstjórnunnar og glamúrkóngsins Páls Óskars og hljómsveitarinnar Hjaltalín að klára kvöldið. Þau spiluðu nær eingöngu nokkur af þekktustu lögum Palla í nýjum útgáfum og stemningin í Hafnarhúsinu var ótrúleg. Þessar útsetningar voru svo sem ekkert mjög tilþrifamiklar, en virkuðu vel og svo var það líka góð tilbreyting eftir að hafa hlustað nær eingöngu á nýjar hljómsveitir flytja lög sem maður hefur aldrei heyrt áður fjögur kvöld í röð að fá eintóma smelli sem maður kann utan að. Þegar Þú komst við hjartað í mér hljómaði söng allur salurinn og gleðin náði hámarki. Fínn endir á flottu kvöldi.


**SVEITT** Retro Stefson og FM Belfast spiluðu fyrir troðfullu húsi á Nasa.





HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*

MÁNUDAGSTILBOÐ

| | |
|---|---|
| ÝSUFLÖK m/roði | 999 |
| FISKIBOLLUR | 990 |
| ÝSA Í SÓSU | 1290 |
| ÝSA Í RASPI | 1390 |
| PLOKKFISKUR | 1390 |
| HUMARSÚPA 1L | 1090 |
| SMURT BRAUÐ með reyktum laxi og rækjum aðeins | 590 |

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


Afmælistónleikar
Kristján Jóhannsson
- 30 ár á óperusviði -
Ásamt Diddú, Þóru Einars, Gissuri Páli og kammersveit Hjörleifs Valssonar.
Kristján Jóhannsson fagnar því að 30 ár eru liðin frá því að hann söng fyrst á óperusviði. Ásamt fjölda annarra stórkostlegra listamanna flytur hann margt af því fegursta sem hann hefur sungið á ferli sínum. Á efnisskránni eru óperuaríur, óperudúettar sem og þekktar söngperlur.
Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði.
Háskólabíó, föstudagur 27. nóv. kl. 20
Miðasala hefst á fimmtudaginn kl. 10 á midi.is
Miðaverð 7.900 kr.
Vildarklúbbur
E. Jóhannsson EHF
AUÐLIND

> Dómarahneyksli í Slóveníu

Framarar voru allt annað en ánægðir með frammstöðu dómaranna í leik sínum gegn Tatran Presov í Slóveníu um helgina. Liðin áttust við í 2. umferð EHF-bikarkeppninnar og unnu Slóvenar öruggan samanlagðan sigur eftir risasigur í gær, 38-17. Í umfjöllun um leikinn sem birtist á heimasíðu Fram í gær var frammistaða dómaranna sögð afar slæm. Leikmenn Fram fengu þrjú rauð spjöld í leiknum og tíu brottvísanir en að sama skapi hafi leikmönnum slóvenska liðsins lítið verið refsað fyrir grófa framkomu. „Enginn maður dæmir svona nema hafa fengið miklar fúlgur fjár fyrir,“ segir á heimasíðu Fram.



**sport**

sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSLIÐ HAUKA: VANN STÓRGLÆSILEGAN SIGUR Á WISLA PLOCK Í EHF-BIKARKEPPNINNI:

# Haukar skutu peningalið frá Póllandi í bólakaf

Haukar komust um helgina áfram í 3. umferð EHF-bikarkeppni karla með ótrúlegum og glæsilegum átta marka sigri á pólska liðinu Wisla Plock, 29-21. Fyrri leik liðanna lauk með tveggja marka sigri Pólverjanna ytra og Haukar unnu því samanlagðan sex marka sigur.

En úrslit leiksins gefa engan veginn rétta mynd af honum. Haukar héldu Pólverjunum í aðeins tíu mörkum í fyrstu 45 mínútum leiksins og náðu mest þrettán marka forystu, 24-11. Það var ekki fyrr en á síðasta stundarfjórðungnum að gestirnir náðu að laga stöðuna enda Haukarnir löngu „hættir“.

„Við spiluðum af þeim krafti sem ég býst við af liðinu,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leik. „Þetta sýnir að við getum spilað svona vel en því miður virðist það landlægt á Íslandi að liðum gengur ekki vel í deildinni á meðan þau eru að taka þátt í Evrópukeppninni,“ bætti hann við í léttum dúr en Haukarnir hafa verið allt annað en sannfærandi í fyrstu tveimur leikjum liðsins í N1-deild karla.



„Ég var ánægður með hversu sterka framliggjandi vörn við vorum að spila. Birkir varði líka vel í markinu. Svo var það líka þessi kraftur og áræðni í liðinu í sókninni. Hraðaupphlaupin voru sterk, þeir Sigurbergur og Björgvin voru frábærir og Freyr barðist eins og ljón allan leikinn. Gunnar Berg bætti þvílíkri orku í varnarleikinn og Elías Már og fleiri komu mjög sterkir inn.“

Það skal þó tekið fram að marga sterka leikmenn vantaði í lið Wisla, svo sem hinn danska Lars Möller Madsen. „Vissulega verða þeir fyrir skakkaföllum en það verður þó ekki tekið af okkur að við spiluðum vel. Nú erum við komnir áfram í næstu umferð en við ætlum okkur að taka þessu öllu með ró og spekt. Við erum fyrst og fremst í Evrópukeppninni til að bæta okkr sem lið, gefa ungu mönnum reynslu og fá krydd í tilveruna.“

Mikið hefur verið lagt í lið Wisla Plock og voru þó nokkrir leikmenn frá Norðurlöndunum keyptir til liðsins og var danskur þjálfari ráðinn til að ná því besta úr þeim.



TITLINUM FAGNAÐ Button í miðjum fagnaðarlátunum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Formúlu 1-mótaröðin:

## Button meistari

**FORMÚLA 1 Bretinn Jenson Button varð í gær heimsmeistari í Formúlu 1-kappakstri er hann varð í fimmta sæti í brasilíska kappakstrinum. Það dugði honum til sigurs í stigakeppni ökuþóra þó svo að einu móti sé ólokið.**

**Mark Webber sigraði í gær, Robert Kubica varð annar og Lewis Hamilton þriðji. Tveir áttu enn möguleika á að skáka Button – Sebastian Vettell varð fjórði en félagi Button hjá Brawn GP, Rubens Barrichello, áttundi eftir að hafa lent í vandræðum í blálok keppninnar.**

**Button var fjórtándi á ráslínu og sýndi hvað í honum bjó með því að vinna sig upp í fimmta sætið. „Mér fannst það vera svo sannarlega þess virði að verða heimsmeistari eftir þessa keppni. Svona á að gera þetta,“ sagði sigurreifur Button.**

**„Jenson átti þetta skilið en hann vann þennan titil á fyrri hluta mótsins. Ég átti seinni hluta tímabilsins og gaf allt mitt í þetta. En ég samgleðst Jenson enda góður vinur og verðugur meistari,“ sagði Barrichello.**

**Brawn GP varð meistari bílasmíða og því um draumaár að ræða hjá liðinu á sínu fysta keppnisári í Formúlunni.** - esá

# Stórmótsvonin lifir enn

**Ísland vann í gær góðan fjögurra marka sigur á Austurríki, 29-25, í undankeppni EM 2010 í handbolta. Mestu munaði um glæsilegan fyrri hálfleik hjá íslenska liðinu sem á enn góðan möguleika á að komast á sitt fyrsta stórmót.**

**HANDBOLTI** Ísland vann í gær sigur á Austurríki, 29-25, í undankeppni EM 2010 sem haldið verður í Danmörku og Noregi seint á næsta ári. Sigurinn var nauðsynlegur upp á möguleika Íslands að gera en líklegast er að þessi tvö lið munu berjast um að fylgja Frakklandi, sterkasta liði riðilsins, í úrslitakeppnina.

Ísland spilaði glimrandi vel í fyrri hálfleik og náði þá níu marka forystu, 19-10. En liðið náði sér alls ekki jafnvel á strik í síðari hálfleik og gestirnir náðu að minnka muninn í þrjú mörk þegar tæpar tíu mínútur voru eftir.

En þá sögðu þær íslensku stopp og kláruðu leikinn með miklum sóma.

„Fyrri hálfleikurinn er sá besti sem liðið hefur spilað undir minni stjórn,“ sagði landsliðsþjálfarinn Júlíus Jónasson eftir leik. „Það var frábær stemning í liðinu og þá sérstaklega í vörninni. Það var svo mikil keyrsla í hraðaupphlaupunum og við kláruðum okkar sóknarútfærslur mjög vel. Þar að auki fengum við góða markvörslu.“

Hann segir að hann hafi reynt að koma réttu skilaboðunum áleiðis í hálfleik. „Við vissum að þetta væri



SLOPPIN Í GEGN Karen Knútsdóttir í leiknum í gær Hún skoraði alls þrjú mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þar með ekki búið. Og þrátt fyrir allt fóru mínir leikmenn ekkert að gefa eftir í hausnum heldur lentu þær í vandræðum þegar Austurríki fór að verjast mun framar á vellinum. Í kjölfarið datt okkar varnarleikur niður og við misstum þar með okkar hraðaupphlaup sem var okkar sterkasta vopn.“

Hrafnhildur Skúladóttir átti stórleik eins og svo margar aðrar í íslenska landsliðinu. „Það var bara svo mikið sjokk að fá þessa framliggjandi vörn á móti okkur,“ sagði hún. „Við höfum alltaf spilað á móti liðum sem beita 6-0 varnarleik og allur okkar undirbúningur hefur miðast við það. En það kom ekki til greina að missa leikinn algerlega úr höndunum.“

Hrafnhildur, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Harpa Sif Eyjólfsdóttir voru mjög öflugar í vörninni sem og Ásta Birna Gunnarsdóttir. Harpa lét einnig mikið til sín taka í sókninni en Ísland varð fyrir áfalli er hún fékk sína þriðju brottvísun og þar með rautt snemma í síðari hálfleik.

En íslenska liðið átti marga góða spretti í sókninni þar sem þær Hanna G. Stefánsdóttir, Karen Knútsdóttir, Rut Jónsdóttir auk þeirra Önnu og Hrafnhildar voru mjög öflugar. Berglind Íris Hansdóttir byrjaði hægt í markinu en sýndi á köflum glæsileg tilþrif og varði mörg mikilvæg skot, sérstaklega í síðari hálfleik.

Júlíus segir að þrátt fyrir allt hefði hann viljað nýta sér forskotið sem vannst í fyrri hálfleik og vinna stærri sigur.

„Það er það eina sem er að trufla mig nú. Markatalan gæti skipt miklu máli í lok riðlakeppninnar og því hefði ég gjarnan vilja vinna 7-8 marka sigur hér,“ sagði Júlíus. „En það má ekki taka það af stelpunum að þær hafa náð frábærum árangri með sigrinum í dag.“

**eirikur@frettabladid.is**

### ÍSLAND - AUSTURRÍKI 29-25

**Mörk Íslands (skot)**: Harpa Sif Eyjólfsdóttir 6 (9), Hrafnhildur Skúladóttir 5/1 (8/1), Hanna G. Stefánsdóttir 5/1 (9/1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (6), Rut Jónsdóttir 3 (3), Karen Knútsdóttir 3 (7), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (1), Stella Sigurðardóttir 1 (3), Ágústa Edda Björnsdóttir 1 (5).
**Varin skot**: Berglind Hansdóttir 13/1 (37/4, 35%), Íris Björk Símonardóttir 0 (1/1).
**Hraðaupphlaup**: 10 (Hanna G. 3, Hrafnhildur 2, Anna Úrsúla 2, Karen 1, Harpa Sif 1, Ásta Birna 1).
**Fiskuð víti**: 2 (Anna Úrsúla 2).
**Utan vallar**: 8 mínútur.




KR taplaust eftir fyrstu tvær umferðirnar í körfunni:

## Fráköstin skópu sigurinn

**KÖRFUBOLTI** KR hefur titilvörnina vel í Iceland Express deild karla í körfubolta en í gærkvöld vann liðið nokkuð öruggan 82-73 sigur á ÍR í DHL höllinni.

KR byrjaði betur og hafði yfir 19-12 eftir fyrsta leikhluta og 35-31 í hálfleik. ÍR byrjaði betur í þriðja leikhlutanum og náði að komast yfir á kafla en KR-ingar tóku góða rispu í lok leikhlutans sem liðið lét aldrei af hendi í þeim fjórða. Lokatölur 82-73.

Sóknarleikur beggja liða var lengstum frekar stirður en munurinn lá fyrst og fremst í fráköstunum þar sem KR hirti sextán sóknarfráköst gegn aðeins fjórum hjá ÍR. „Vörnin kláraði þetta hjá okkur. Við höfum engar áhyggjur af sókninni – hún kemur,“ sagði Fannar Ólafsson, fyrirliði KR.

Fannar Ólafsson, Brynjar Björnsson, Semaj Inge og Finnur Magnússon áttu ágætan leik hjá



SEMAJ INGE Skoraði nítján stig fyrir KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KR en Tommy Johnson var langt frá sínu besta. Nemanja Sovic var atkvæðamestur hjá ÍR sem hefur tapað tveimur fyrstu leikjum sínum í deildinni. Sveinbjörn Claessen meiddist á hné í lok leiksins og var borinn af velli. - bb

## ÚRSLIT

### EHF-bikarkeppnin

**Haukar - Wisla Plock 29-21**
**Mörk Hauka (skot)**: Sigurbergur Sveinsson 8/3 (11/3), Björgvin Hólmgeirsson 7 (14), Elías Már Halldórsson 5 (8), Freyr Brynjarsson 3 (5), Tjörvi Þorgeirsson 2 (2), Guðmundur Árni Ólafsson 2 (6), Gunnar Berg Viktorsson 1 (1), Stefán Sigurmannsson 1 (2), Heimir Óli Heimisson (1), Pétur Pálsson (2).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 11 (22, 50%), Aron Rafn Edvardsson 1 (11/2, 9%).
**Hraðaupphlaup**: 6 (Elías Már 2, Freyr 1, Sigurbergur 1, Gunnar Berg 1, Guðmundur Árni 1).
**Fiskuð víti**: 3 (Pétur 1, Freyr 1, Elías Már 1).
**Utan vallar**: 10 mínútur.
*Haukar unnu samanlagt, 57-51*

**Tatran Presov - Fram 38-17**
**Mörk Fram**: Haraldur Þorvarðarson 5, Andri Berg Haraldsson 3, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Halldór Jóhann Sigfússon 2, Björn Guðmundsson 2, Magnús Stefánsson 2, Einar Rafn Eiðsson 1.
**Fram - Tatran Presov 23-27**
**Mörk Fram**: Einar Rafn Eiðsson 8, Andri Berg Haraldssson 5, Halldór Jóhann Sigfússon 3, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Magnús Stefánsson 2, Arnar Birkir Hálfdánarson 1.
*Tatran Presov vann samanlagt, 65-40*

### Iceland Express deild karla

**Hamar - FSu 111-74**
**Stig Hamars**: Marvin Valdimarsson 51, Svavar Pálsson 18, Andre Dabney 9, Oddur Ólafsson 8, Hjalti Þorsteinsson 7, Bjarni Lárusson 6, Ragnar Nathanaelsson 4, Viðar Örn Hafsteinsson 3, Páll Helgason 3, Stefán Halldórsson 2.
**Stig FSu**: Christopher Caird 24, Ari Gylfason 15, Dominic Baker 11, Alexander Stewart 9, Jake Wyatt 7, Hilmar Guðjónsson 3, Sæmundur Valdimarsson 3, Orri Jónsson 2.
**Njarðvík - Tindastóll 108-81**
**Stig Njarðvíkur**: Jóhann Árni Ólafsson 36, Páll Kristinsson 15, Kristján Sigurðsson 11, Hjörtur Hrafn Einarsson 11, Rúnar Ingi Erlingsson 9, Magnús Þór Gunnarsson 9, Friðrik Stefánsson 6, Elías Kristjánsson 5, Grétar Garðarsson 3, Friðrik Óskarsson 3.
**Stig Tindastóls**: Svavar Atli Birgisson 19, Michael Giovacchini 16, Friðrik Hreinsson 13, Axel Kárason 11, Helgi Rafn Viggósson 7, Einar Bjarni Einarsson 5, Halldór Halldórsson 3, Helgi Freyr Margeirsson 3, Pálmi Geir Jónsson 2, Sveinbjörn Skúlason 2.
**KR - ÍR 82-73**
**Stig KR**: Semaj Inge 19, Fannar Ólafsson 17, Brynjar Björnsson 16, Finnur Magnússon 14, Tommy Johnson 8, Skarphéðinn Ingason 5, Darri Hilmarsson 3
**Stig ÍR**: Nemanja Sovic 21, Steinar Arason 14, Sveinbjörn Claessen 13, Vilhjálmur Steinarsson 9, Hreggviður Magnússon 8, Gunnlaugur Elsuson 4, Kristinn Jónasson 4.

### Iceland Express d. kvenna

| | |
|---|---|
| KR - Haukar | 67-55 |
| Keflavík - Grindavík | 54-67 |

### Enska úrvalsdeildin

**Blackburn - Burnley 3-2**
0-1 Robbie Blake (4.), 1-1 David Dunn (8.), 2-1 Franco Di Santo (20.), 3-1 Pascal Chimbonda (42.), 3-2 Chris Eagles (91.).
**Wigan - Manchester City 1-1**
1-0 Charles N'Zogbia (45.), 1-0 Charles N'Zogbia (45.), 1-1 Martin Petrov (46.)
**Arsenal - Birmingham 3-1**
1-0 Robin van Persie (15.), 2-0 Abou Diaby (17.), 2-1 Lee Bowyer (37.), 3-1 Andrei Arshavin (84.).
**Aston Villa - Chelsea 2-1**
0-1 Didier Drogba (14.), 0-1 Didier Drogba (14.), 1-1 Richard Dunne (31.), 2-1 James Collins (51.).
**Everton - Wolves 1-1**
0-1 Kevin Doyle (75.), 1-1 Diniyar Bilyaletdinov (87.).
**Manchester United - Bolton 2-1**
2-0 Antonio Valencia (32.), 2-1 Matthew Taylor (74.).
**Portsmouth - Tottenham 1-2**
0-1 Ledley King (28.), 0-2 Jermain Defoe (44.), 1-2 Kevin Boateng (58.).
**Stoke - West Ham 2-1**
1-0 James Beattie (10.), 2-1 James Beattie (69.).
**Sunderland - Liverpool 1-0**
1-0 Darren Bent (4.)


Skynsamleg
næring
Við óskum Björgólfi innilega
til hamingju með gullskóinn!
Björgólfur Takefusa
knattspyrnumaður
Herbalife skráð á NYSE
HERBALIFE
sjálfstæðir dreifingaraðilar

## > Danny DeVito

„Það er tvennt sem ég hef aldrei kunnað. Annars vegar að halda í fólk sem vill ekki vera hjá mér og hins vegar að losa mig við fólk sem vill ekki fara frá mér.“

***DeVito fer með hlutverk í þættinum It‘s Always Sunny In Philadelphia sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SETUR FISK Í POTT

# *Poisson et pommes de terre au beurre*



Það getur ekki verið margt sem jafnast á við það að skjóta hval. Karlmenn eru sífellt að eltast við hluti sem undirstrika karlmennsku þeirra. Bílar leika þar stórt hlutverk. Veiðar gera það líka. Það jafnast fátt á við það að skjóta eða veiða sína eigin bráð. Fara að morgni og sækja fugl eða fisk. Matreiða síðan gjafir náttúrunnar að kvöldi og njóta með fjölskyldu og vinum. Þetta gerði þjóðin lengi vel og þótti ekki mikið til koma. Þetta var einfaldlega lífsbaráttan í hnotskurn.

Íslendingar sækja hins vegar sína bráð í kjöt- og fiskborð. Þykir óhugsandi að deyða það sem á að borða. Ég þekki fólk sem finnst kjúklingur ógeðslegur ef ekki er búið að brytja hann niður. Finnst kjúklingabringur lostæti og kaupa þær í frauðbökkum. Finnst hins vegar óhugsandi að matreiða kjúkling heilan, og við mig var sagt nýlega að það væri eins og að matreiða barn. Lítill líkami settur í ofn í þeim tilgangi að éta hann. Nútíminn er plastpakkaður í frauðbakka. Tilbúinn til neyslu.

En já. Ég er gamaldags. Hvað gæti hugsanlega jafnast á við það að senda sprengiskutul í skepnu sem vegur nokkur tonn. Draga hana á land og snæða? Þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar Jói Fel fékk sér far með hrefnuveiðimönnum og kynnti fyrir landslýð þá staðreynd að við nýtum ekki landsins kosti nema að litlu leyti. Og þvílíkur matur!

Ég held að ég noti tækifærið og hrósi Jóa Fel fyrir þá stefnu sem hann hefur tekið í þáttagerð sinni. Hann varpar kastljósinu á það sem við höfum við hendina – eða réttara sagt: Höfum alltaf haft við hendina en okkur þótti hallærislegt. Næst þegar þig langar í soðinn fisk vertu þá ekki að rembast við að elda Poisson et pommes de terre au beurre. Sjóddu fisk og kartöflur og bræddu feiti. Sem er reyndar nákvæmlega það sama.

## MÁNUDAGUR



▶ **18.50** Fulham – Hull, beint
STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10** Aldamótabörn
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** Melrose Place
SKJÁREINN



▶ **21.40** Big Love
STÖÐ 2



▶ **21.45** Jamie At Home
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Sammi** (44:52)

**17.37 Pálína** (6:28)

**17.42 Stjarnan hennar Láru** (1:22)

**17.55 Útsvar** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Aldamótabörn** (Child of Our Time: Dagur í lífi barns) (3:3) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.

**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (56:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Trúður** (Klovn V) (3:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.50 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (21:23) (e)

**23.35 Spaugstofan** (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.35 Idiocracy**

**08.00 School for Scoundrels**

**10.00 We Are Marshall**

**12.10 Beethoven. Story of a Dog**

**14.00 School for Scoundrels**

**16.00 We Are Marshall**

**18.10 Beethoven. Story of a Dog**

**20.00 Idiocracy** Gamanmynd um ungan mann sem er ráðinn af yfirvöldum í leynilegt verkefni sem fer úrskeiðis með þeim afleiðingum að hann sefur í 500 ár.

**22.00 The Departed**

**00.30 Little Miss Sunshine**

**02.10 The Prophecy 3**

**04.00 The Departed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:10)

**10.55 60 mínútur**

**11.45 Beauty and the Geek** (1:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The Dust Factory**

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Njósnaskólinn**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (4:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (5:25)

**19.45 Two and a Half Men** (4:24)

**20.10 Extreme Makeover. Home Edition** (25:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga um sárt að binda og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.

**20.55 So You Think You Can Dance** (4:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn.

▶**21.40 Big Love** (6:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

**22.35 It's Always Sunny In Philadelphia** (2:15) Þáttaröð sem fjallar um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.

**23.00 John From Cincinnati** (9:10)

**23.45 True Blood** (4:12)

**00.35 Rescue Me** (3:13)

**01.20 Martha Behind Bars**

**02.45 The Dust Factory**

**04.20 Big Love** (6:10)

**05.15 The Simpsons** (5:25)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Mónakó - Lens** Útsending frá leik í franska boltanum.

**17.00 Justin Timberlake Childrens Open** Sýnt frá Justin Timberlake Children's Open mótinu í golfi en allur ágóði af mótinu fór óskiptur til góðgerðarmála.

**20.00 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar krufin til mergjar.

**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.00 UFC: Machida vs Shogun Countdown** Hitað upp fyrir bardagann milli Machida og Shogun en aðdáendur UFC hafa beðir spenntir eftir honum.

**22.55 World Series of Poker 2009** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims voru mættir til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wigan - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Arsenal - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

▶**18.50 Fulham - Hull** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.00 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Fulham - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Spjallið með Sölva** (4:13) (e)

**08.00 Dynasty** (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (4:13) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.35 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**17.25 Game Tíví** (5:14) (e)

**17.55 Skemmtigarðurinn** (5:8) (e)

**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**19.05 King of Queens** (3:25) (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (44:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.00 90210** (3:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Annie og Naomi halda áfram að berjast, Dixon kynnist nýrri stelpu og Teddy heldur partí á snekkju pabba síns.

▶**20.55 Melrose Place** (3:13) Jonah er ekki ánægður þegar hann kemst að því að Riley hefur ekki sagt neinum frá trúlofun þeirra. Ella fær Jonah til að hlaupa í skarðið þegar leikstjóri tónlistarmyndbands hættir við á síðustu stundu.

**21.50 Fréttir** (e)

**22.05 CSI: New York** (6:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

**22.55 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti gestum.

**23.45 Harper's Island** (6:13) (e)

**00.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Hugspretta** Andri Heiðar Kristinsson fjallar um nýjungar, frumkvöðla og framsýni.

**21.00 Léttari leiðir Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þættinum.

**21.30 Í nærveru sálar** Karlar sem beita ofbeldi. Er til leið út úr vandanum?

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI

BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.

Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### So You Think You Can Dance

Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til þess að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Eldum íslenskt

**ÍNN kl. 20.00**



Bjarni G. Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, hefur umsjón með þætti þar sem íslenskar búvörur eru í öndvegi. Í þættinum í kvöld verður folaldakjöt eldað á hefðbundna vísu. Guðmundur Guðmundsson hjá Hótel- og veitingaskólanum snöggsteikir folaldafilet eins og honum er einum lagið og Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans, gefur áhorfendum góð ráð. Folaldakjöt í kreppunni – það gerist varla hagkvæmara.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Syngjandi tré
**23.05** Lostafulli listræninginn
**23.40** Bláar nótur í bland
**00.10** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (4:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (5:26)
**17.30 E.R.** (12:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur.
**18.15 Seinfeld** (12:24)
**18.45 Doctors** (4:26)
**19.15 Doctors** (5:26)
**19.45 E.R.** (12:22)
**20.30 Seinfeld** (12:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶ **21.45 Jamie At Home** (10:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima. Hann notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.
**22.15 Fangavaktin** (4:8) Georg hefur loksins náð takmarki sínu og þrjeykið af bensínstöðinni á Laugaveginum er nú sameinað að ný.
**22.55 Numbers** (14:23) Tveir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní.
**23.40 Mad Men** (1:13)
**00.30 The 4400** (10:13)
**01.15 Ástríður** (9:12)
**01.45 Auddi og Sveppi**
**02.15 Sjáðu**
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Blackadder II **12.30** Only Fools and Horses **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder II **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** Life on Mars **20.50** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.20** Coupling **21.50** Little Britain **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** EastEnders **23.20** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** SPAM - strisser på nettet **14.30** Braceface **14.55** Den lyserode panter **15.00** Robotboy **15.15** Robotboy **15.30** Byggemand Bob **15.40** Benjamin Bjorn **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gor det selv **18.00** Verdens værste naturkatastrofer **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Morse **21.45** OBS **21.50** Forbrydelsen II **22.50** Seinfeld **23.15** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Trond med hammer'n **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Tingenes tilstand **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Livet i Fagervik **20.20** Store Studio **21.00** Kveldsnytt **21.15** Derrick **22.15** Menneskets store vandring **23.05** Nytt på nytt **23.35** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.35** Sampo Lappelill **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Playa del Sol **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Livet i Fagervik **18.45** Hemliga svenska rum **19.00** Kysst av spriten **19.30** Älskade, hatade förort **20.00** Fotografen Mapplethorpe och hans mecenat **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Fallet **22.15** Här är ditt liv **23.45** Kriminaljouren




# Jóla hvað!

## Pantaðu jólahlaðborð núna



Það er óhætt að lofa fjörugu jólahlaðborði í Súlnasal Hótel Sögu. Ríkulegt hlaðborðið býður upp á allt það girnilegasta í forréttum, aðalréttum og eftirréttum. Á meðan maturinn leikur við bragðlaukana kitla Laddi, Steinn Ármann og Hjörtur Howser hláturtaugarnar með einstöku gríni og glensi. Eftir það verður erfitt að sitja kyrr því að skemmtidagskránni lokinni leikur hin frábæra hljómsveit Saga Class fyrir dansi.

*Dagsetningar: 20., 21., 27. og 28. nóvember og 4., 5., 11. og 12. desember.*



## Matur, skemmtun og dans í Súlnasal

Í nóvember bjóðum við upp á sömu skemmtidagskrá og dansleik með 3ja rétta matseðli í stað jólahlaðborðs. Tilvalið fyrir smærri fyrirtæki og hópa til að gera sér glaðan dag.

*Dagsetningar: 6., 7., 13. og 14. nóvember.*

## Borðapantanir á hotelsaga@hotelsaga.is

Sími: 525 9900 • www.hotelsaga.is.

Radisson SAS
HOTEL SAGA, REYKJAVÍK

PIPAR • SÍA • 91733

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann hefur alltaf verið svo duglegur og gengið vel í því sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Það er ekki hægt annað en að vera stolt. Þegar hann var fimm ára sagðist hann ætla að vera leikari. Það kom auðvitað fram þegar hann var í Hlíðaskóla.“*

Bryndís Lúðvíksdóttir, móðir Björns Thors sem leikur í Brennuvörgunum og Fangavaktinni.

# Samdi fyrst – lærði svo að spila á gítar

„Ég byrjaði að semja áður en ég lærði á gítarinn. Það gerir sig alltaf betur hjá tónlistarmönnum. Svo verða þeir færir og þá koma leiðinleg lög. Þetta er stórhættulegt,“ segir grínistinn Þorsteinn Guðmundsson.

Þorsteinn hefur undanfarið leikið undir á gítar þegar hann kemur fram. Í síðustu viku fullkomnaði hann tilverurétt sinn sem gítarleikari og keypti sér magnara og er því orðinn eins manns hljómsveit. „Ég get farið hvert sem er. Eins og Jójó, ég er svo mikið þannig kall hvort sem er,“ segir Þorsteinn og bætir við að stressið hafi verið mikið þegar hann hóf að taka með sér gítarinn. „Ég byrjaði nefnilega að koma fram með gítarinn áður en ég lærði á hann. Þá kunni ég tvö grip og var alltaf að biðja fólk um að bíða á meðan ég skipti um grip. En ég er svolítið obsessívur og æfi mig hálftíma á dag og get núna spilað undir.“

Gítarleikur Þorsteins hefur fengið góðar viðtökur og það er nóg að gera hjá honum. „Ég dett inn í skóla, fyrirtæki og alls konar,“ segir hann. „Það er rosalega gaman að prófa eitthvað nýtt. Ég er að skoða að gera eitthvað meira í þessu. Mig langar að taka þetta eitthvað áfram.“ **- afb**



**EINS MANNS HLJÓMSVEIT** Þorsteinn Guðmundsson, grínisti og nú tónlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** jurtatrefjar, **6.** hvort, **8.** tunna, **9.** kvk nafn, **11.** í röð, **12.** kvk gælunafn, **14.** yndis, **16.** til, **17.** frjó, **18.** blaður, **20.** ólæti, **21.** heimsálfa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bein, **3.** í röð, **4.** skjalla, **5.** hald, **7.** matur, **10.** skelfing, **13.** gifti, **15.** sykrað, **16.** herma, **19.** grískur bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bast, **6.** ef, **8.** áma, **9.** gró, **11.** jk, **12.** gagga, **14.** unaðs, **16.** að, **17.** fræ, **18.** píp, **20.** at, **21.** asía.

**LÓÐRÉTT: 1.** legg, **3.** aá, **4.** smjaðra, **5.** tak, **7.** frauðís, **10.** ógn, **13.** gaf, **15.** sætt, **16.** apa, **19.** pí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra.

2 Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaráls.

3 Stefán Logi Magnússon.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON: BREYTIR NASA Í DRAUGAKASTALA

# Verður með marga fermetra af köngulóarvef

„Við erum komin með marga fermetra af köngulóarvef og fullt af alls konar litlum græjum og skrautmunum. Við ætlum að gera okkar allra besta í að breyta Nasa í draugahús – eða draugakastala réttara sagt,“ segir poppkóngurinn Páll Óskar Hjálmtýsson.

Páll Óskar heldur risahrekkjavökupartí á Nasa laugardaginn 31. október. Partíið verður afar veglegt og húsið verður skreytt í anda Hammer-hryllingsmyndanna sem komu fyrst út á fimmta áratug síðustu aldar. „Annars ætlum við líka að nota öll leikhúsmeðulin sem til eru,“ segir Páll.

Hrekkjavökupartí eru afar vinsæl erlendis og þá sérstaklega í Bandaríkjunum. Páll Óskar fagnar því að Íslendingar hafi tekið við sér síðustu ár og byrjað að halda í meiri mæli upp á hrekkjavökuna – hátíð hinna framliðnu. Hann hvetur fólk til þess að vera hugmyndaríkt í búningavali og vonast til þess að flóran verði fjölbreytt.

„Þrátt fyrir að Nasa líti út eins og draugahús, þá er engin skylda að fólk mæti í partíið eins og nornir eða forynjur,“ segir hann. „Það getur verið kostnaðarsamt að breyta sér í vampíru, en góðar hugmyndir fyrir svona grímuböll þurfa ekki að vera dýrar. Ef pabbi þinn var slökkviliðsmaður eða mamma þín hjúkka – eða ef þú þekkir einhvern sem vann á hamborgarastað – þá er ekkert mál að fá einkennisbúningana lánaða og mæta þannig. Ef maður kíkir á þessi partí sem eru haldin erlendis, þar sem allar stjörnurnar mæta, þá er það ímyndunaraflið sem ræður og fólk heldur ekkert endilega í hryllingsmyndabúningana.“

atlifannar@frettabladid.is



**VAMPÍRA** Páll Óskar telur líklegt að hann verðir vampíra í partíinu. MYND/ODDVAR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var haldin í ellefta sinn í Reykjavík um helgina. Hátíðin þótti heppnast ágætlega og virtust fjölmargir erlendir gestir skemmta sér hið besta. Venju samkvæmt myndast langar raðir fyrir utan vinsælustu tónleikana og þetta árið var versti flöskuhálsinn fyrir utan Nasa á laugardagskvöldið. Þar voru dansboltar á borð við Kasper Bjørke og Trentemøller að spila auk **Lóu** og krakkanna í FM Belfast. Þeir sem létu sig hafa það að bíða í röð voru óánægðir þegar dyraverðir hleyptu útvöldum fram fyrir. Einn þeirra sem fékk slíka meðferð var **Gunnlaugur Jónsson**, þjálfari karlaliðs Vals í fótbolta. Heyrðist baul í röðinni þegar hann laumaði sér inn.



Íslenskar hljómsveitir taka upp á ýmsu til að vekja á sér athygli á Airwaves. Frumlegasta uppátækið þetta árið eiga án alls vafa **Óttarr Proppé** og félagar í Dr. Spock. Þeir leigðu sér flutningabíl, skutu upp kollinum víða um miðborgina og héldu tónleika öllum að óvörum. Óhætt er að fullyrða að þetta tónleikahald vakti mikla lukku hjá þeim sem voru á ferð um miðborgina. **- hdm**




## Virkar ljósaperan þín?



Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa **kveikt á útiljósum** við heimili sín á nóttinni til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Góð lýsing og örugg aðkoma að lúgu kemur í veg fyrir óhöpp hjá blaðberum og tryggir í leiðinni **örugga blaðaog póstdreifingu** inn á heimilið.

Með fyrirfram þökk, Pósthúsið

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | sími: 585 8300 | www.posthusid.is


# *Sumarkuldinn á Íslandi fór illa í indverska stórleikkonu*

Eins og Fréttablaðið greindi skilmerkilega frá fyrr á þessu ári komu nokkur tökulið frá Indlandi hingað í þeim erindagjörðum að taka upp atriði fyrir kvikmyndir sínar. Þótt indversk kvikmyndagerð hafi ekki átt upp á pallborðið hér á landi eru íbúar þessa fjölmennasta lýðræðisríkis heims miklir kvikmyndaáhugamenn og kvikmyndastjörnurnar þar engu minni fréttamatur en leikararnir í Hollywood.

Stórblaðið The Times of India birtir þannig ansi ítarlegt viðtal við indversku leikkonuna Nayanthara á vefsíðu sinni. Þar kemur fram að henni þótt ekki mikið til íslenska sumarsins koma. Nayanthara var stödd hér á landi til að taka upp lagið Eno Eno fyrir kvikmyndina Aadhavan ásamt mótleikara sínum Suriya. „Ég held að Ísland sé eitt myndrænasta land sem ég hef komið til,“ segir Nayanthara í viðtalinu. „En á sama tíma var veðurfarið alveg hrikalegt. Við vorum þarna að sumri til og samt sem áður var snjór yfir öllu,“ útskýrir Nayanthara. Svo hafi verið gríðarlega mikill vindur þegar tökurnar stóðu yfir þannig að leikurunum leið eins og þeir myndu fjúka. „Í atriðunum mátti ég ekki vera í neinum hlífðarfatnaði og ég var alveg að drepast úr kulda.“ **- fgg**



**ILLA VIÐ KULDA** Nayanthara og mótleikara hennar Suriya fannst heldur kalt á Íslandi og vindasamt þótt hér væri sumar.

**20% AFSLÁTTUR**

# FYRIR FÓLK EINS OG ÞIG!




## Oh yeah próteinstykki

Oh Yeah hefur verið kallað bragðbesta próteinstykkið sem til er og er oft líkt við Snickers sælgætið - bara hollara :-) Frábært eftir æfingu eða sem millimáltið.

## Oh Yeah próteindrykkir

Oh Yeah próteindrykkirnir voru nýlega valdir bragðbestu drykkirnir í ameríku.
Tilvalið í stað máltíðar til að grennast eða sem viðbót við mataræðið til að byggja upp vöðva og jafna sig hraðar eftir æfingar.

## Hydroxycut fitubrennsluefnið

Hydroxycut er mest selda brennsluefni í heiminum í dag og ekki að ástæðulausu.
Það hefur hjálpað milljónum manna að tálga af sér aukakílóin. Ný og ennþá öflugri formúla.
Notkun: 1 tafla 3svar á dag fyrir æfingu eða máltíð.

## 6 hour energy orkuskot

Sterkustu orkuskotin á Íslandi í dag!
Aðeins einn sopi og þú færð kraft og úthald til að endast allan daginn. Inniheldur engan sykur og þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að fitna eins og af öðrum orkudrykkjum.

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**


Þórhildar Elínar Elínardóttur


## Til öryggis

Fyrir bara tveimur örstuttum árum vorum við á hátindi oflætisins og okkur allir vegir færir. Rjómi íslenska aðalsins spókaði sig í bönkum og kauphöllum heimsins og gerði feita díla á báðar hendur, svo rosalega snjalla. Við hin vorum reyndar ábekingar en höfðum ekki hugmynd um það. Skammsýni okkar og trúgirni borgum við nú dýru verði. Eins og undanfarið ár hafi ekki verið nógu harkalegur skellur á hrjáðri þjóð, þá byrjar vetur númer tvö af engu minna offorsi. Ofan á efnahagshörmungar bætast fleiri ógnir gegn heimilum og heilsufari. Öfugt við stemminguna fyrir tveimur árum þegar við vorum öll svakalega alþjóðleg og smartheitin komu viðstöðulaust frá útlöndum, þá kemur nú þaðan ekkert nema lífshætta.

**ENGINN** vill lána okkur peninga fyrr en við göngumst við ábyrgðunum. Þetta viðhorf kemur skyndilega mjög á óvart, einkum hjá þeim sem mest töluðu um ábyrgð einstaklingsins. Valið stendur nú á milli þess að gangast við partískemmdunum eða missa æruna. Ofan á þetta einelti umheimsins, er allt hér að fyllast af erlendum þjófagengjum sem hafa það eina markmið að rýja okkur endanlega inn að skinninu. Og ofan á þessar eitruðu sendingar frá útlöndum bætist svínaflensa í okkar volaða eymdarpytt.

**VARLA** birtist lengur nokkur auglýsing um flatskjái eða fjölskyldubrunch og lífsstílsblöðin eru full af ráðleggingum um nýtni og endurvinnslu. Einu auglýsendurnir sem ná máli eru öryggisfyrirtækin. Þau lofa okkur því að ef við fjárfestum í þjófavarnarkerfum getum við róleg skroppið að heiman dagstund. Þegar ég hugsa málið vel finnst mér eitthvað bogið við röksemdafærsluna án þess að draga góðan vilja þeirra í efa, nývöknuð tortryggni mín krunkar eitthvað um falskt öryggi.

**AUÐVELDAST** í heimi er að selja óttaslegnum vernd. Áhættusæknin er alveg dottin úr tísku, öryggisþörfin hefur tekið völd. Til vonar og vara er nú best að áframsenda til tíu vina öll keðjubréf sem lofa hamingju, annars mun ógæfan vísast ríða yfir. Þvo sér látlaust um hendur, hósta í bréfþurrku, heilsa úr fjarlægð og snerta hvorki handrið né hurðarhúna. Skilja húsið aldrei eftir mannlaust og sofa með annað augað opið. Tvílæsa á eftir sér, slökkva átta sinnum á eldavélinni og stíga aldrei nokkurn tíma á strik.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 19. október 2009, 292. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.30 | 13.13 | 17.54 |
| Akureyri | 8.21 | 12.57 | 17.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


